

# Hreppsnefnd Rangárþings ytra

## Fundargerð

**59. fundur** hreppsnefndar Rangárþings ytra kjörtímabilið 2002 - 2006, haldinn að Laugalandi í Holtum, mánudaginn 19. desember 2005, kl. 16:00.

Mætt: Sigurbjartur Pálsson, oddviti, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Viðar H. Steinarsson, Pröstur Sigurðsson, Heimir Hafsteinsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Lúðvík Bergmann, Engilbert Olgeirsson, Sigrún Ólafsdóttir og Sigrún Sveinbjarnardóttir, sem ritar fundargerð. Einnig situr Þórhallur Svavarsson hluta fundarinns sem varamaður fyrir Sigurbjart Pálsson.

Oddviti setti fund og stjórnaði honum.

Lögð fram tillaga að breytingu á dagskrá; við bætast nýir liðir nr. 5.1, 5.2, 6.1 og 6.2 og færast aðrir liðir aftur sem þessu nemur.

Samþykkt samhljóða.

### 1. Fundargerðir hreppsráðs:

Engar fundargerðir liggja fyrir.

### 2. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til staðfestingar:

2.1 Félagsmálanefnd - 47. fundur 9/12'05 í 7 liðum.

Samþykkt samhljóða.

2.2 Íþrótt- og æskulýðsnefnd - 31. fundur 14/12'05 í 4 liðum.

Lagðar fram tillögur að gjaldskrám íþróttamannvirkja á Hellu, Laugalandi og í Þykkvabæ sem gilda eiga frá og með 1. janúar 2006.

Samþykkt með 4 atkvæðum, 4 sitja hjá (HH. VHS. PS. LB).

### 3. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til kynningar:

3.1 Sameiginleg barnaverndarnefnd - 45. fundur 8/12'05 í 17 liðum.

3.2 Sorpstöð Rangárvallásýslu bs. - 97. fundur 14/12'05 í 10 liðum.

3.3 Heilbrigðisnefnd Suðurlands - 81. fundur 7/12'05 í 5 liðum.

### 4. Tillaga að fjárhagsáætlun ársins 2006 - síðari umræða:

Lögð fram tillaga að fjárhagsáætlun Rangárþings ytra fyrir árið 2006 til síðari umræðu.

Helstu fjárhæðir í fjárhagsáætlun samstæðu Rangárþings ytra fyrir árið 2006 eru:

Rekstur:

Heildartekjur eru áætlaðar kr. 684.111 þús.

þ.a. skatttekjur kr. 536.141 þús.

Heildargjöld án fjármagnsliða eru áætluð kr. 636.375 þús.

Tekjuafgangur fyrir fjármagnsliði er áætlaður kr. 47.736 þús.

Fjármagnsliðir eru áætlaðir kr. 34.228 þús.

Efnahagur:

Eigið fé er áætlað kr. 511.399 þús.

Lifeyrisskuldbindingar eru áætlaðar 15.062 þús.

Fastafjármunir eru áætlaðir kr. 1.002.360 þús.

Veltufjármunir eru áætlaðir kr. 176.759 þús.

Eignir samtals eru áætlaðar kr. 1.179.119 þús.

Langtímaskuldir eru áætlaðar kr. 537.084 þús.

Skuldir og eigið fé samtals er áætlað kr. 1.179.119 þús.

Ein tillaga að breytingu á framlagðri tillögu að fjárhagsáætlun 2006 var lögð fram og varðar lækkun áætlaðs rekstrarkostnaðar stofnana að Laugalandi. Samtals er gert ráð fyrir að rekstrarkostnaður lækki um kr. 2.266.000 og breytist niðurstaða rekstrarreiknings samsvarandi.

Samþykkt með 5 atkvæðum, 4 sitja hjá (HH, VHS, PS, LB).

Bókun vegna fjárhagsáætlunar Rangárþings ytra 2006:

*Undirritaðir fulltrúar verða því miður að horfa framan í þá staðreynd að litlar jákvæðar breytingar hafa orðið á rekstri sveitarfélagsins á kjörtímabilinu og ekki mun sú fjárhagsáætlun sem nú er til samþykktar fyrir árið 2006 breyta neinu þar um.*

*Sama lognmellan og verið hefur og eini ljósi punkturinn að séð er fyrir endann á kjörtímabilinu.*

*Skatthlutfall mun hækka verulega í kjölfar hækunar á fasteignamati og rekstrarkostnaður fer vaxandi.*

*Samkvæmt fyrirliggjandi áætlun er gert ráð fyrir að 93% rekstrartekna fari í rekstur sveitarfélagsins og því miður þá eru miklar likur á að þetta hlutfall hækki því samkvæmt venju þá eru ýmsir liðir vanætlaðir. Afgangurinn fer að mestu í fjármagnskostnað, þannig að rými til fjárfestinga er nánast ekkert. Enda eru áætanir í þá áttina ekki upp á marga fiska.*

*Eins og flestir vita þá bíða viðamikil og mjög aðkallandi fjárfestingarverkefni handan við hornið. Þetta eru verkefni sem m.a. snúa að vatnsveitu- og fráveitumálum og síðan málefni grunnskólans og leikskólans á Hellu. Í þessari áætlun er gert ráð fyrir nokkuð hefðbundnu framlagi til fráveitumála 30 millj.kr. Það er vonandi að þessi upphæð verði nýtt að öllu leyti í þennan málaflokk i ljósi þess hve heildarframkvæmdir er stór og framkvæmdatími er skammur. EKKI er gert ráð fyrir að leggja óstofnudu Byggðasamlagi um vatnsveitu til stofnframlag.*

*Það 40 millj.kr. framlag sem Eignaumisjón fær til fjárfestinga er að mestu leyti ætlað til framkvæmda við leikskóla á Laugalandi en framlög til framkvæmda við skólana á Hellu eru ekki skilgreind sérstaklega, þrátt fyrir itrekaðar óskir stjórnenda Grunnskólans á Hellu um nauðsynlegt viðhald á elsta hluta skólans að upphæð rúmar 40 millj.kr.*

*Hér eru um að ræða njög fjárfrekar fjárfestingar sem tengjast grunnþjónustu sveitarfélagsins og eru forgangsverkefni. Það er því að leita leiða til að hægt sé að ráðast í þessar framkvæmdir á næstu misserum með heildarsýn í huga og af skynsemi.*

*Leita þarf allra leiða í að hagræða í rekstri sveitarfélagsins og auka tekjur t.d. með frekari sölu eigna.*

*Fjárhagsáætlunin ber með sér að meirihluti sveitarstjórnar er í sömu hjólsorunum og áður. Kyrstaða hvað varðar endurskipulag og hagræðingu í stjórnslunni sjálfri, frekar bætt í stjórnsluna heldur en hitt. Haldið í horfinu með lántökum eins og vaxandi skuldaða sveitarfélagsins ber með sér.*

*Rangárþing ytra þarf á nýrrri hugsun að halda, það þarf að horfa til framtíðar, það verður að komast upp úr hinu gamla fari skuldaðsins og mikils rekstrarkostnaðar.*

*Undirritaðir : Heimir Hafsteinsson, Viðar H. Steinarsson, Próstur Sigurðsson.*

Fulltrúar D-lista leggja fram eftirfarandi bókun um afgreiðslu fjárhagsáætlunar 2006 vegna bókunar fulltrúa K- og Ó-lista á fundi hreppsnefndar Rangárþings ytra þ. 19. desember 2005:

*Fjárhagsáætlun Rangárþings ytra fyrir árið 2006 endurspeglar þann bata sem orðið hefur í rekstri sveitarfélagsins á yfirstandandi ári. Frá stofnun sveitarfélagsins árið 2002 hefur verið glimt við halla í rekstri þess og verður að telja góðan árangur að komast fyrir hann. Með því að ná jákvæðri niðurstöðu í rekstri er lagður grundvöllur að því að sveitarfélagið verði fært um að fjárfesta fyrir eigið aflaté og að dregið verði úr lántökum á næstu árum eins og boðað er í greinargerð með áætluninni.*

*Með áætluninni er gert ráð fyrir að ráðist verði í framkvæmdir við skólahúsnaði, gatnagerð og fráveitu. Þessar fyrirhuguðu framkvæmdir munu duga sveitarfélagini og íbúum þess vel á komandi árum.*

*Fulltrúar D-lista hafna fullyrðingum í bókun fulltrúa K- og Ó-lista um lognmollu og kyrrstöðu og vísa til viðamikilla framkvæmda á vegum sveitarfélagsins og einkaaðila sem staðfesta einmitt hið gagnstæða.*

*Fjárhagsáætlun ársins 2006 ber þess vitni að stefnt er að bata í stöðu sveitarsjóðs um leið og stefnt er að upphyrningu og öflugri þjónustu við íbúana með fyrirhyggju að leiðarljósi.  
Undirrituð: Sigurbjartur Pálsson. Guðmundur Ingi Gunnlaugsson. Engilbert Olgeirsson. Sigrún Ólafsdóttir.  
Ingvar Pétur Guðbjörnsson.*

Lögð fram fundargerð 14. fundar samráðsnefndar Rangárþings ytra og Ásahrepps um fjárhagsáætlanir stofnana í sameign sveitarfélaganna, haldinn 12/12'05 í 2 liðum.

Samþykkt með 6 atkvæðum, 3 sitja hjá (HH, VHS, PS).

#### **5. Tilboð í hlutafjáreign:**

5.1 Lagt fram tilboð frá sjó einstaklingum í hlutafjáreign Rangárþings ytra í Sláturhúsínu Hellu hf., dagsett 15/12'05. Tilboðið er að nafnverði 5.000.000 á genginu 1,4 samtals kr. 7.000.000.

Samþykkt með 8 atkvæðum, 1 situr hjá (HH).

5.2 Lagt fram tilboð frá Kartöfluverksmiðju Þykkvabæjar hf. í hlutafjáreign Rangárþings ytra í verksmiðjunni, dagsett 7/12'05.

Sigurbjartur víkur af fundi vegna vanhæfis og Engilbert Olgeirsson, varaoddviti, tekur við fundarstjórn. Þórhallur Svavarsson tekur sæti á fundinum.

Lagt er til að afgreiðslu á tilboðinu verði frestað og að farið verði fram á fund með stjórn Kartöfluverksmiðju Þykkvabæjar hf. til kynningar og viðræðna um framangreint erindi.

Samþykkt samhljóða.

Sigurbjartur mætir á fundinn og tekur að nýju við stjórn hans.

Þórhallur víkur af fundi.

#### **6. Fyrirspurnir frá fulltrúum K- og Ó lista:**

6.1 Lögð fram fyrirspurn um frágang eftir sölu eigna Fiskeldisstöðvarinnar í Fellsmúla ehf.

Lögð fram svör oddvita vegna fyrirspurnar um frágang mála Fiskeldisstöðvarinnar í Fellsmúla ehf. Oddviti harmar þann drátt sem orðið hefur á frágangi eftir sölu eigna fiskeldisstöðvarinnar og vísar til þess að m.a. hefur verið beðið eftir að samkomulag næðist við Landsvirkjun um fjárhagsleg samskipti hennar og fiskeldisstöðvarinnar. Sú niðurstaða er nú fengin og vonast oddviti til þess að innan skamms verði hægt að halda þá fundi sem þarf til þess að ljúka frágangi eftir sölu framangreindra eigna.

6.2 Lögð fram fyrirspurn um fund sem stendur til að halda um Atvinnu- og ferðamálaverkefnið.

Lúðvík Bergmann, formaður stjórnar Atvinnu- og ferðamálaverkefnisins skýrir frá því að leitað hafi verið eftir tillögum um hentugan fundartíma til sveitarstjóra aðildarsveitarfélaganna en svör hafi ekki borist. Lúðvík greindi frá því að stjórn verkefnisins myndi boða til fundar fljótlega í janúar 2006.

**7. Ólöf Helga Guðmundsdóttir og Hjalti Harðarson - umsögn um stofnun lögbýlis:**  
Lögð fram beiðni um umsögn, dagsett 8/12'05, vegna fyrirhugaðrar stofnunar lögbýlis í landi Svínaga. Meðfylgjandi er uppdráttur sem sýnir legu landsins og afrit af umsókn um stofnun lögbýlis til landbúnaðarráðuneytisins.

Hreppsnefnd gerir ekki athugasemd við stofnun fyrirhugaðs lögbýlis úr landi Svínaga.

**8. Sveinn Runólfsson- beiðni um samning vegna fyrirhugaðs skipulags á íbúðabyggð á hluta af landi Helluvaðs:**

Lagt fram bréf frá Sveini Runólfssyni, dagsett 7/12'05, með beiðni um samning varðandi fyrirhugaða íbúðabyggð í landi Helluvaðs II.

Samþykkt samhljóða að vísa erindinu ~~verði~~ ~~vísa~~ til Umhverfissviðs til umfjöllunar og tillögugerðar.

**9. Sveinn Sigurjónsson - beiðni um breytingu á vatnsverndarsvæði í aðalskipulagi:**

Lagt fram bréf frá Sveini Sigurjónssyni, dagsett 4/12'05, með beiðni um breytingu á vatnsverndarsvæði í aðalskipulagi Rangárþings ytra.

Samþykkt samhljóða að vísa erindinu til Umhverfissviðs til umfjöllunar og tillögugerðar.

**10. Skipulagshópur Hekluskóga - beiðin um breytingu á aðalskipulagi:**

Lagt fram bréf frá Skipulagshópi Hekluskógu, dagsett 5/12'05, með beiðni um að fyrirhugaðir Hekluskógar verði teknir inn á aðalskipulag Rangárþings ytra.

Samþykkt samhljóða að vísa erindinu til Umhverfissviðs til umfjöllunar og tillögugerðar.

**11. Strandarvöllur - beiðni um tenginu við vatnsveitu:**

Lagt fram bréf frá Strandarvelli ehf./GHR, móttekið 12/12'05, með beiðni um tengingu golfskálans að Strönd við vatnsveitu Hellu.

Samþykkt samhljóða að vísa erindinu til Umhverfissviðs til umfjöllunar og tillögugerðar.

**12. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands - beiðni um umsögn um jarðgerð úrgangs:**

Lagt fram bréf frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, dagsett 12/12'05, með beiðni um umsögn vegna áforma um jarðgerð úrgangs.

Eftirfarandi umsögn er samþykkt með 8 atkvæðum, 1 situr hjá (IPG):

Hreppsnefnd Rangárþings ytra getur ekki mælt með því að starfsleyfi verði gefið út fyrir starfsemina sem fyrirhuguð er samkvæmt umsókninni. Þínað er m.a. til þess að ekki liggur fyrir hvaða land um er að ræða sem starfsemin yrði rekin á, þar sem vísað er í umsókninni á landsvæði sem ekki hefur verið skipt upp á milli lögbýlanna sem að því liggja. Einnig er vísað til þess að samkvæmt aðalskipulagi er ekki gert ráð fyrir starfsemi sem þessari í þykkvabæ eða á aðliggjandi svæðum.

**13. Slátturhúsið Hellu hf. - hækkan hlutafjár og nýting forgangs:**

Lagt fram bréf frá Slátturhúsinu Hellu hf., dagsett 7/12'05, um hækkan hlutafjár og nýtingu forgangs til kaupa á nýju hlutafé.

Engin tillaga um kaup á viðbótarhlutafé kom fram.

#### **14. Tómas Sigurðsson - beiðni um afmörkun eignarhluta í Reynifelli:**

Lagt fram bréf frá Tómasi Sigurðssyni, dagsett 12/12'05, um beiðni um afmörkun eignarhluta í jörðinni Reynifelli.

Hreppsnefnd Rangárþings ytra bendir umsækjanda á, að til þess að unnt sé að skipta út einstökum eignarhlutum þurfa allir eigendur jarðarinnar að koma að því og ná um það samkomulagi. Ekki er unnt að verða við beiðninni með vísan í framangreinda ábendingu.

#### **15. Fundarboð, námskeið, ráðstefnur, þjónusta og umsóknir um styrki:**

Engin erindi liggja fyrir undir þessum lið.

## 16. Annað efni til kynningar:

16.1 Eyjólfur Guðmundsson 11/12'05 - verðurathuganir og veðurfregnir frá Hellu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19.00.

Sigrún Sveinbjarnardóttir, ritari

Sigmund Röhm  
Engels Agency  
Frankl. Hoffmann  
Ludwig Bergmann

Vidar Steinæs

Preston Sprinssen  
Hans Stevenson  
Signe Olafsdottir  
Erich Gammelgaard  
Lyrum Reinhard

# Hreppsnefnd Rangárþings ytra

## Fundargerð

**58. fundur** hreppsnefndar Rangárþings ytra kjörtímabilið 2002 - 2006, haldinn að Laugalandi í Holtum, mánudaginn 12. desember 2005, kl. 16:00.

Mætt: Sigurbjartur Pálsson, oddviti, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Viðar H. Steinarsson, Þróstur Sigurðsson, Heimir Hafsteinsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Guðfinna Þorvaldsdóttir, varamaður fyrir Lúðvík Bergmann, Engilbert Olgeirsson, Sigrún Ólafsdóttir og Ingibjörg Gunnarsdóttir, sem ritar fundargerð.

Oddviti setti fund og stjórnaði honum.

Lögð fram tillaga að breytingu á dagskrá; liður 5 og 6 bætist við, aðrir liðir færast aftur sem því nemur, einnig bætist við liður 8.2.

Samþykkt samhljóða.

**1. Fundargerðir hreppsráðs:**

Engar fundargerðir liggja fyrir.

**2. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til staðfestingar:**

2.1 Samgöngunefnd - 17. fundur 7/12'05 í liðum.

Samþykkt samhljóða.

**3. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til kynningar:**

3.1 Fjallskiladeild Rangárvallafréttar - 2. fundur 5/12'05.

3.2 Endurrit úr fundargerðarbók samstarfsnefndar sveitarfélaga og lögreglu - fundur 5/12'05.

3.3 Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands - félagafundur 25/11'05.

**4. Tillaga að fjárhagsáætlun ársins 2006 - fyrri umræða:**

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, sveitarstjóri, lagði fram og skýrði tillögu að fjárhagsáætlun Rangárþings ytra fyrir árið 2006 til fyrri umræðu.

Lögð voru fram gögn og tillögur fyrir fjárhagsáætlunargerðina frá deildum og stofnunum Rangárþings ytra og í sameign með Ásaþreppi til upplýsingar fyrir hreppsnefndarfulltrúa.

Visað til síðari umræðu.

**5. Bréf dagsett 9. desember 2005 frá skipulags- og byggingafulltrúa Rangárþings ytra vegna afgreiðslu á tillögu að breytingu á aðalskipulagi vegna Leirubakka í Landsveit.**

Aðalskipulagsbreytingin samþykkt samhljóða.

**6. Beiðni frá Óskari Kristinssyni, dagsett 12/12 2005, um umsögn sveitarstjórnar vegna uppskiptingar á jörðinni Oddsparti í Þykkvabæ.**

Hreppsnefnd Rangárþings ytra gerir ekki athugasemdir við landskiptin.

**7. Fundarboð, námskeið, ráðstefnur, þjónusta og umsóknir um styrki:**

**8. Annað efni til kynningar:**

- 8.1 Ályktun sveitarstjórnar Rangárþings eystra - dagsett 29/11'05 um eflingu atvinnulífs.  
8.2 FOSS 7/12 2005 - ályktun stjórnar og trúnaðarmannaráðs frá 7/12 2005.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:15.

Ingibjörg Gunnarsdóttir, ritari.

Ingibjörg Gunnarsdóttir  
Ritari  
Fundarboð  
Sjónvarpskláðóttir  
Hilmottaflokkur  
Fræðslusjúknesen  
Victor Stein  
Márin Þorvaldsson  
Ingvor L. Lindgrím  
Ingibjörg Gunnarsdóttir

# Hreppsnefnd Rangárþings ytra

## Fundargerð

**57. fundur** hreppsnefndar Rangárþings ytra kjörtímabilið 2002 - 2006, haldinn að Laugalandi í Holtum, miðvikudaginn 7. desember 2005, kl. 16:00.

Mætt: Sigurbjartur Pálsson, oddviti, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Viðar H. Steinarsson, Þróstur Sigurðsson, Halldóra Gunnarsdóttir, varamaður fyrir Heimi Hafsteinsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Þorbergur Albertsson, varamaður fyrir Lúðvík Bergmann, Engilbert Olgeirsson, Sigrún Ólafsdóttir og Sigrún Sveinbjarnardóttir, sem ritar fundargerð.

Oddviti setti fund og stjórnaði honum.

Lögð fram tillaga að breytingu á dagskrá; við bætist liður nr. 2.4 og nýr 18 liður og færast aðrir liðir aftur sem þessu nemur.

Samþykkt samhljóða.

**1. Fundargerðir hreppsráðs:**

1.1 Lögð fram fundargerð 79. fundar hreppsráðs 9/11'05 í 13 liðum.

Samþykkt samhljóða.

1.2 Lögð fram fundargerð 80. fundar hreppsráðs 24/11'05 í 15 liðum.

Samþykkt samhljóða.

**2. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til staðfestingar:**

2.1 Samráðsnefnd sveitarstjórna Rangárþings ytra og Ásahrepps - 13. fundur 8/11'05 í 5 liðum.

Samþykkt samhljóða.

2.2 Fjallskilanefnd Rangárvallafréttar - 5. fundur 14/11'05 í 4 liðum.

Til kynningar.

2.3 Fagráð yfir félagsmiðstöð - 3. fundur 30/11'05 í 3 liðum.

Samþykkt samhljóða.

2.4 Samgöngunefnd - 16. fundur 2/12'05 í 6 liðum.

Samþykkt samhljóða.

**3. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til kynningar:**

3.1 Fræðslunefnd - 45. fundur 9/11'05 í 8 liðum.

3.2 Fræðslunefnd - 46. fundur 24/11'05 í 8 liðum.

3.3 Fjallskiladeild Landmannafréttar - fundur 14/11'05 í 3 liðum.

3.4 Hreppsnefndarfulltrúar Rangárþings ytra og fulltrúar Orkuveitu Reykjavíkur - samráðsfundur 22/11'05.

- 3.5 Hreppsnefndarfulltrúar Rangárþings ytra og Ásahrepps með fulltrúum Lundar - samráðsfundur 22/11'05.
- 3.6 Skólanefnd Tónlistarskóla Rangæringa - 103. fundur 23/11'05.
- 3.7 "Green Globe 21" - fundur á Kirkjubæjarklaustri 24/11'05.
- 3.8 Stjórn SASS - 389. fundur 24/11'05.
- 3.9 SASS - aðalfundur 25-26/11'05.

#### **4. Tillaga um álagningarprósentur, afslætti og gjaldskrár fyrir árið 2006:**

Lögð fram tillaga um að útsvarsprósenta árið 2006 verði 12,99%. Lagt er til að álagningarpróSENTA fasteignaskatts í A-flokki verið 0,33% og álagningarpróSENTA fasteignaskatts í B-flokki verði 1,25% hvortveggja af fasteignamati. Lagt er til að lóðarleiga verði 0,9% af fasteignamati. Lagt er til að vatnsgjald verði 0,23% af fasteignamati og aukavatnsgjald hjá stórnendum verði kr. 17,60 fyrir hvern notaðan rúmmetra af vatni. Lagt er til að fjárhæðir heimtaugagjalda breytist í samræmi við breytingu á Byggingavísitölu frá nóv. 2005. Aðrir liðir um gjöld, gjalddaga og afslætti til ellilífeyrisþega og öryrkja verði óbreyttir frá því sem gildir á yfirstandandi ári.

Samþykkt með 7 atkvæðum, 2 sitja hjá (VHS og PS).

Lagt fram bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dagsett 28/11'05, um ákvörðun um útsvarsprósentu og tilkynningu þar um.

#### **5. Tillaga að gjaldskrá fyrir hundahald fyrir árið 2006:**

Lögð fram tillaga um að gjald fyrir undanþágu til hundahalds á árinu 2006 verði kr. 10.100.

Samþykkt með 7 atkvæðum, 2 sitja hjá (VHS og PS).

#### **6. Tillaga að gjaldskrá fyrir sorphirðu og meðhöndlun úrgangs fyrir árið 2006:**

Lögð fram tillaga um að gjald fyrir sorphirðu og eyðingu sorps frá íbúðum í þéttbýli verði kr. 13.200, gjald fyrir íbúðir í dreifbýli með hreinsun á 2ja vikna fresti verði kr. 12.100, gjald fyrir íbúðir í dreibýli þar sem ekki er pokahirða verði kr. 5.800 og gjald fyrir sumarhús verði kr. 5.800. Öll gjöldin eru fyrir árið í heild. Gjald fyrir smærri fyrirtæki og stofnanir m.v. 1 pokagildi á viku (margf. í gánum skv. talningu) verði kr. 13.200. Stórfyrirtæki, stofnanir og framleiðslufyrirtæki sjái sjálf um söfnun, vörslu og flutning úrgangs til móttökustöðva og greiði sjálf þar fyrir móttoku úrgangsins samkvæmt gjaldskrá móttokuáðilans. Sjái Rangárþing ytra um flutning og förgun úrgangs frá þessum aðilum skulu þeir greiða sveitarfélaginu útlagðan kostnað samkvæmt reikningi.

Samþykkt með 7 atkvæðum, 2 sitja hjá (VHS og PS).

#### **7. Tillaga að fjárhagsáætlun ársins 2006 - framlagning gagna:**

Sveitarstjórnarfulltrúum afhent tillaga að fjárhagsáætlun ársins 2006 ásamt fylgigögnum.

#### **8. Tillaga að ákvörðun um lánskjör og lánstíma vegna lántöku hjá Lánasjóði sveitarfélaga:**

Lagt er til að gengið verði til lántöku hjá LáNASJÓÐI sveitarfélaga samkvæmt neðangreindri bókun:

*Sveitarstjórn Rangárþings ytra, samþykkr að taka lán hjá LáNASJÓÐI sveitarfélaga að fjárhæð 45.000.000,- kr. til gatnagerðar, sbr. 2. gr. laga um LáNASJÓÐ sveitarfélaga nr. 136/2004. Lán þetta skal endurgreiðast á 15 árum og ber breytilega vexti sem ákvárdar ór eru af lánveitanda, nú 4%. Uppgreiðsla lánsins umfram umsamdar afþorganir er heimil á vaxtagjallddögum.*

*Lántökugjald er 0.375% af höfuðstól lánsins.*

Til tryggingar láninu standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 3. mgr. 73. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998. Eru þær til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu höfuðstóls, vaxta, dráttarvaxta, vaxtavaxta, verðbóta, lögþundinna vanskilaálagu, kostnaðar við kröfugerð, innheimitu- og málskostnaðar, kostnaðar við fjárnámsgerð og væntanlegs kostnaðar af frekari fullnustugerðum, svo og öllum öðrum kostnaði, sem af vanskilum kann að leiða, og gildir tryggingin uns skuldin er að fullu greidd. Fyrir gjaldsallinni sjárhæð má ganga að veðinu til fullnustu skuldarinnar án undangengis dóms eða sáttar skv. 7. tl. 1. mgr. 1. gr. laga um aðförl nr. 90/1991. Sveitarstjórnin veitir jafnframt hér með f.h. Rangárþings ytra, Guðmundi Inga Gunnlaugssyni, kt. 140951-2349, fullt og ótakmarkað umboð til þess að skrifa undir lánnsamning eða skuldbréf við Lánaþjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, og önnur þau skjöl sem nauðsynleg eru til að lánnsamningurinn taki gildi. Jafnframt er Guðmundi Inga Gunnlaugssyni veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og aðhenda fyrir hond Rangárþings ytra, hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengist lánnsamningi þessum.

Samþykkt með 5 atkvæðum, 4 sitja hjá (VHS, PS, PA og HG).

Bókun 7. des. 2005 vegna tillögu og bókunar um kjör og lánstíma vegna lántoku hjá Lánaþjóði sveitarfélaga:

*Við undirrituð fulltrúar minnihlutans í sveitarstjórn Rangárþings ytra bendum á að samkvæmt endurskoðaðri sjárhagsáætlun ársins er gert ráð fyrir verulegum rekstrarafgangi. Teljum því eðlilegt, i því ljósi, að lánsfjárbörf sveitarfélagsins verði endurmetin m.t.t. lækkunar.*

*Undirrituð: Viðar Steinarsson, Halldóra Gunnarsdóttir, Pröstur Sigurðsson.*

Bókun fulltrúa D-lista í sveitarstjórn Rangárþings ytra vegna bókunar fulltrúa K- og Ó-lista um kjör og lánstíma vegna lántoku, lögð fram á fundi hreppsnefndar 7. desember 2005.

*Undirritaðir fulltrúar D-lista áréta að umrædd lántaka er til að treysta lausafjártöðu sveitasjóðs. Lántakan hesur í för með sér sparnað fjármagnsgjalfa þar sem þörf á skammtimalánum mun minnka til mikilla muna. Sigurbjartur Pálsson. Engilbert Olgeirsson. Ingvar P. Guðbjörnsson. Sigrún Ólafsdóttir. Guðmundur Ingi Gunnlaugsson.*

#### **9. Tillaga að breytingu á samþykktum stjórn og fundarsköp Rangárþings ytra - síðari umræða:**

Lögð fram tillaga að breytingu á samþykktum stjórn og fundarsköp Rangárþings ytra til síðari umræðu:

Efnislega er lagt til að sveitarstjórnarfulltrúum fækki úr 9 í 7 frá og með upphafi næsta kjörtímabils þannig að í 1. gr. samþykktum stjórn og fundarsköp Rangárþings ytra komi eftirfarandi breyting:

*Í stað "9" í 1. gr. samþykktarinnar kemur: 7.*

Samþykktum stjórn og fundarsköp verði að öðru leyti óbreytt.

Samþykkt samhljóða.

Framangreind samþykkt verður send til félagsmálaráðuneytisins til staðfestingar og síðan birt í B-deild Stjórnartíðinda.

#### **10. Skilagrein frá vinnuhópi um mögulega hagræðingu í rekstri grunnskólanna:**

Lögð fram skilagrein frá vinnuhópi um mögulega hagræðingu í rekstri grunnskólanna á Hellu og Laugalandi, dagsett 31/10'05.

Samþykkt með 6 atkvæðum, 3 sitja hjá (VHS, PS og HG).

Erindi til sveitarstjórnar Rangárþings ytra:

*Athugasemdir eða sérálit vegna starfa vinnuhóps um mögulega hagræðinu í rekstri grunnskólanna á Hellu og á Laugalandi.*

*Undirritaður hefur mætt á tvo fundi hjá fyrrnefndum vinnuhóp af þremur sem haldnir hafa verið. Undirritaður mætti ekki á þriðja og síðasta fund nefndarinnar vegna þess að ekki var hægt að verða við óskum um að fresta fundi þar til aðlað hefði verið gagna varðandi framlögð gögn og framhald starfa nefndarinnar.*

*Á þessum þriðja fundi nefndarinnar virðist hafa verið tekin ákvörðun um að ljúka starfi nefndarinnar með þeim hætti sem á greinir í skilagrein frá 31. október 2005, sem send hefur verið út og Guðmundur Ingi Gunnlaugsson ritar undir fyrir hönd vinnuhópsins.*

*Við þetta vil ég gera eftirlarandi athugasemdir:*

1. *Undirritaður sem hluti af áðurnefndum vinnuhópi er ekki aðili að fyrrnefndri skilagrein frá 31. október s.l.*
2. *Undirritaður telur að starfi nefndarinnar hafi ekki verið lokið á þann hátt sem ráð var fyrir gert. Til þess að svo megi verða vantar inn t.d. aðkomu förelasafélaga, frekari skodun á áhrifum þess að sameina yfirsjórnum og eða skólahald, aðrar hagræðingarleiðir svo sem samnýtingu af ýmsu tagi.*

*Það, að leggja framlögð gögn frá fulltrúa Ásarepps til grundvallar að niðurstöðu nefndarinnar, án frekari skodunar, eru ekki fagleg vinnubrögð og undir þau er ekki hægt að skrifa.*  
*Virðingarfyllst Viðar Steinarsson.*

Bókun vegna skilagreinar frá vinnuhópi um mögulega hagræðingu í rekstri grunnskólanna á Hellu og Laugalandi:

*Við undirrituð fulltrúar í sveitarstjórn Rangárþings ytra tökum heilshugar undir sérálit Viðars H. Steinarssonar fulltrúa Ó- og K-lista í umræddum vinnuhóp um hagræðingu í rekstri grunnskólanna í sveitarfélaginu.*

*Það vekur óneitanlega athygli hversu litlu þúðri er eytt í þessa vinnu, þó svo að rekstur skólanna takí til sin 35-40% af rekstri aðalsjóðs sveitarfélagsins. Jafnframt er athyglivert að einvörðungu er fjallað um sameiningu skólanna eða sameiningu yfirsjórnum og launakostnað þar að lútandi. Til að mynda er ekkert fjallað um annan rekstrarkostnað, mögulegar hagræðingarleiðir þar og mögulega samnýtingu einstakra sagkennara og hagræðingu hvað það varðar.*

*Fulltrúar Ó- og K-lista í sveitarstjórn Rangárþings ytra báru ákveðnar væntingar til þessa vinnuhóps. Það er ljóst að þær væntingar hafa ekki verið uppfylltar og hér er um hreint yfirklöri að ræða í umfjöllun um hagræðingu í rekstri grunnskólanna. Hér er á ferðinni skólabókardæmi um gjörning sem er algjörlega til málamynnda og hlýtur að launum hina fullkomnu falleinkunn.*

*Undirritað : Pröstur Sigurðsson, Halldóra Gunnarsdóttir, Viðar H. Steinarsson.*

Bókun fulltrúa D-lista í sveitarstjórn Rangárþings ytra vegna bókunar fulltrúa K- og Ó-lista um mögulega hagræðingu í rekstri grunnskólanna á Hellu og Laugalandi, lögð fram á fundi hreppsnefndar 7. desember 2005.

*Undirritaðir fulltrúar D-lista sveitarstjórnar Rangárþings ytra vísa á bug þeim fullyrðingum sem fram koma í bókun minnihlutafulltrúa K- og Ó-lista þess efnis að "litlu þúðri" hafi verið eytt í störf vinnuhópsins. Vinnuhópurinn starfaði í samræmi við þá tillögu sem var til grundvallar við stofnun hans þegar mörkuð var sú stefna að sérstaklega bæri að skoða sameiningu skólanna eða sameiningu yfirsjórnum þeirra m.t.t. hagræðingar og sparnaðar. Undirritaðir lýsa sig sammála niðurstöðu vinnuhópsins þess efnis að ekki séu forsendur til breytinga, enda ljóst að ekki yrði um fjárhagslegan ávinnung fyrir sveitarfélagið að ræða.*

*Orðum um yfirklöri, málamyndagjörninga og falleinkunn er vísað til fôðurhúsanna.*

*Sigurbjartur Pálsson. Engilbert Olgeirsson. Ingvar P. Guðbjörnsson. Sigrún Ólafssdóttir. Guðmundur Ingi Gunnlaugsson.*

## **11. Frá hreppsráði 24/11'05:**

a) Tillaga skipulags- og bygginganefndar um hvaða svæði verði tekin næst fyrir til deiliskipulags á íbúðabyggð og athafnasvæði:

Lagt er til að svæði ofan Lundar merkt ÍB11 á staðfestu aðalskipulagi, verði næst tekið til skipulags fyrir íbúðabyggð. Hvað varðar athafna- og iðnaðarlóðir þá leggur nefndin til að svæði beggja vegna þjóvegar móts við Dynskála 40-46 verði skoðað nánar í því samhengi.

Samþykkt samhljóða að skipulags- og bygginganefnd verði falið að leggja fram útfærða tillögu um þessa liði sbr. framkomnar hugmyndir og leggja fyrir sveitarstjórn.

b) Afgreiðsla skipulags- og bygginganefndar á umsókn Heimis Hávarðssonar um breytingu á skráðri notkun hússins Þrúðvangs 36 á Hellu og um breytingu á álögðum fasteignagjöldum og um afturköllun á innheimtu.

Fyrir liggar að skipulags- og bygginganefnd hefur hafnað ósk húseigenda um breytingu á skráðri notkun hússin enda samrýmist slik breyting ekki samþykktu aðalskipulagi.

Sveitarstjórnin staðfestir samhljóða niðurstöðu skipulags- og bygginganefndar og hafnar framangreindri umsókn.

Umsókn um breytingu á álögðum fasteignagjöldum og um afturköllun á lögfræðiinnheimtu er hafnað samhljóða.

**12. FOSS - ósk um fund:**

Lagt fram bréf frá Félagi opinberra starfsmanna á Suðurlandi, dagsett 23/11'05, þar sem óskað er eftir fundi með sveitarstjórn Rangárþings ytra vegna meintra mismununar starfsmanna varðandi eingreiðslu.

Lagt fram bréf frá Karli Björnssyni, sviðsstjóra Kjarasviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga, dagsett 1/12'05, um framangreinda ósk.

Lagt er til að hreppsráð Rangárþings ytra bjóði fulltrúum frá FOSS til fundar og að hreppsráðið óski samhliða eftir fundi með fulltrúum Launaneftndar sveitarfélaga um framangreind málefni.

Samþykkt samhljóða.

**13. Sigurður Halldórsson o.fl. - lóðarleigusamningur:**

Lagt fram bréf frá Sigurði Halldórssyni o.fl., móttekið 22/11'05, með ósk um nýjan lóðarleigusamning um fristundalóðina Hróarslæk nr. 6.

Samþykkt samhljóða að vísa erininu til Umhverfissviðs og stjórnar Eignaumsjónar til úrvinnslu.

Samþykkt samhljóða.

**14. Þóra Þorsteinsdóttir - ósk um gerð göngustígs:**

Lagt fram bréf frá Þóru Þorsteinsdóttur, dagsett 7/11'05, með ósk um gerð göngustígs milli Bogatúns og Lundar.

Samþykkt samhljóða að vísa erindinu til Umhverfissviðs til úrlausnar.

**15. Edda Önfjörð Magnúsdóttir - ósk um fjölgun bekkja:**

Lagt fram bréf frá Eddu Önfjörð Magnúsdóttur, dagsett 24/11'05, með ósk um fjölgun bekkja á Hellu.

Samþykkt samhljóða að vísa erindinu til Umhverfissviðs til úrlausnar.

**16. Kennaraháskóli Íslands - verkefni um danskan farandkennara:**

Lagt fram bréf frá Kennaraháskóla Íslands, dagsett 18/11'05, þar sem spurt er hvort sveitarfelið hafi áhuga á að taka þátt í verkefni um danskan farandkennar skólaárið 2006-2007.

Samþykkt samhljóða að vísa erindinu til skólastjóra grunnskólanna á Hellu og Laugalandi til umfjöllunar og tillögugerðar.

**17. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands 10/11'05 - um skil á tímasettri áætlun um endurgerð leikvalla:**

Lagt fram bréf frá Heimbrigðiseftirliti Suðurlands, dagsett 10/11'05, þar sem minnt er á skil á tímasettri áætlun um endurbætur á leikvöllum.

Til kynningar.

**18. Tillaga um könnun á möguleikum varðandi byggingu þjónustuíbúða:**

Lögð fram tillaga um könnun á möguleikum varðandi byggingu þjónustuíbúða fyrir eldri

borgara og öryrkja, lögð fram á fundi hreppsnefndar Rangárþings ytra þ. 7. desember 2005:

*Lagt er til að sveitarstjóra og oddvita verði falið að kenna möguleika varðandi hugsanlega byggingu þjónustuíbúða fyrir eldri borgara og öryrkja. Leitað verði eftir samvinnu við Félag eldri borgara í Rangárvallasýslu, þjónustuhóp aldraðra og Svæðisskrifstofu um málefni fatlaðra varðandi könnun á þörf fyrir þjónustuíbúdir. Kannaðir verði möguleikar varðandi eignar- eða leiguform á sliku húsnæði sem eru á markaði númer. Að lokinni könnun á framangreindum þáttum verði niðurstöður lagðar fyrir hreppsnefnd Rangárþings ytra.*

Greinargerð:

*Félag eldri borgara ásamt þjónustuhópi aldraðra hefur undansfarna mánuði kannað áhuga fyrir byggingu þjónustuíbúða á Hellu og Hvolsvelli. Fengir hafa verið fróðir menn um þessi mál til að kynna þessum aðilum og fulltrúum sveitarstjórnar hvernig staðið hefur verið að málum þar sem þjónustuíbúdir hafa verið byggðar. Nú síðast komu fulltrúar Búmannar á fund með fulltrúum þjónustuhóps og sveitarstjórnanna í Rangárþingi ytra og Rangárþingi eystra og kynntu leiðir sem þeir hafa farið í byggingu þjónustuíbúða. Búmenn eru húsnæðissamvinnufélag og fylgir stutt kynning á félaginu með þessari tillögu. Í viðræðum við fulltrúa þjónustuhóps aldraðra hefur komið fram mikill vilji til þess að þörf fyrir húsnæðisúrræði af þessu tagi verði rækilega könnuð og reynist áhugi vera fyrir hendi, verði þess freistað að finna vænlegar leiðir í málinu. Gert er ráð fyrir að mögulegar þjónustuíbúdir verði ekki síður fyrir fatlaða en eldri borgara. Við Lund eru lóðir sem frá upphafi rekstrar stofnunarinnar hafa verið hugsaðar fyrir fullorðið fólk sem hugsanlega gæti fengið einhverja þjónustu á Lundi. Hugsanlega má tengja betta saman reynist vera áhugi fyrir þessari leið i húsnæðismálum.*

*Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, sveitarstjóri.*

Samþykkt samhljóða.

**19. Fundir sveitarstjórnar í desember 2005.**

Sveitarstjóri lagði fram tillögu um að fundir verði í hreppsnefnd Rangárþings ytra mánudaginn 12. desember n.k. og einnig mánudaginn 19. desember n.k. og verði meginumfjöllunarefni þeirra funda fyrri og síðari umræða um fjárhagsáætlun 2006. Gert er ráð fyrir að fundur verði í hreppsráði 29. desember n.k. en fyrirhugaðir fundir þess fyrir í mánuðinum falli niður vegna þess hversu hreppsnefndin fundar oft á þeim tíma.

Samþykkt samhljóða.

**20. Fundarboð, námskeið, ráðstefnur, þjónusta og umsóknir um styrki:**

20.1 Fræðslunet Suðurlands - boð á hátiðarfund 9/12'05.

Til kynningar.

20.2 Samfés 28/11'05 - boð á málþing um fritimastarf á Íslandi 9/12'05 og umsókn um styrk.

Samþykkt samhljóða að veita styrk að upphæð kr. 10.000.

20.3 Götusmiðjan 29/11'05 - umsókn um styrk.

Samþykkt samhljóða að veita styrk að upphæð kr. 10.000.

**21. Annað efni til kynningar:**

- 21.1 Bréf frá sameiginlegum fundi sveitarstjórn Rangárþings ytra og Ásahrepps um málefni Lundar til heilbrigðis- og tryggingarálaráðuneytisins um hallarekstur á Lundí.
- 21.2 Hreppsnefnd Ásahrepps 28/11'05 - samþykkt við ósk um niðurfellingu á leigugjaldi vegna aðventutónleika.
- 21.3 Hreppsnefnd Ásahrepps 28/11'05 - samþykkt við tillögu að gjaldskrá fyrir íþróttamðstöðina á Laugalandi.
- 21.4 Búfjárefstirlitið 24/11'05 - skýrsla um eftirlitið á árinu.
- 21.5 Sjóvá 28/11'05 - um breytingar á iðgjöldum ökutækjatrygginga.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 21.00.

Sigrún Sveinbjarnardóttir, ritari

Sigrún Sveinbjarnardóttir  
Vangarhlíðarhlíðar  
Ingar P. Einhorn  
Þorbergur Ólafsson  
Víðar Steinsson  
Anosturhjörður  
Sandara Gunnarsdóttir  
Sigrun Þlapdóttir  
Guðrún Þórhildarsdóttir  
Líðunn Þurðarsdóttir

# Hreppsnefnd Rangárþings ytra

## Fundargerð

**56. fundur** hreppsnefndar Rangárþings ytra kjörtímabilið 2002 - 2006, haldinn að Laugalandi í Holtum, miðvikudaginn 2. nóvember 2005, kl. 16:00.

Mætt: Sigurbjartur Pálsson, oddviti, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Viðar H. Steinarsson, Þróstur Sigurðsson, Heimir Hafsteinsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Lúðvík Bergmann, Engilbert Olgeirsson, Þórhallur Jón Svavarsson og Sigrún Sveinbjarnardóttir, sem ritar fundargerð.

Oddviti setti fund og stjórnaði honum.

Lögð fram tillaga að breytingu á dagskrá; við bætast nýir liðir nr. 15, 16, 17.3 og 17.4. Færast aðrir liðir aftur sem þessu nemur.

Samþykkt samhljóða.

### 1. Fundargerðir hreppsráðs:

1.1 Lögð fram fundargerð 77. fundar hreppsráðs 13/10'05 í 11 liðum.

Samþykkt samhljóða.

1.2 Lögð fram fundargerð 78. fundar hreppsráðs 27/10'05 í 14 liðum.

Lögð fram tillaga um að hreppsnefnd Rangárþings ytra samþykki að fjármunum í minningarsjóði Guðrúnar Halldórsdóttur og Sigurðar Guðmundssonar verði varið til hljóðfærakaupa fyrir Þykkvabæjarkirkju án frekari fyrirvara sbr. lið 13.5 í fundargerðinni.

Samþykkt með 4 atkvæðum, 5 sitja hjá (SP, GIG, EO, ÞJS og IPG).

Fundargerðin samþykkt samhljóða að öðru leyti.

### 2. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til staðfestingar:

2.1 Atvinnu- og ferðamálaverkefni í Rangárvallasýslu og Mýrdal - aðalfundur 18/10'05 í 6 liðum ásamt skýrslu atvinnu- og ferðamálafulltrúa um starfið árið 2004 og ársreikningi fyrir verkefnið.

Stjórnarkosning og samþykkt ársreiknings var afgreidd á aðalfundinum með fyrirvara um staðfestingu sveitarstjórnanna.

Samþykkt með 7 atkvæðum, 2 sitja hjá (VS og HH).

2.2 Skipulags- og byggingarnefnd - 35. fundur 27/10'05 í liðunum 158-2005 til 177-2005.

Eftirtaldar skipulagstillögur skv. lið 162-2005 í fundargerðinni og skv. auglýsingu í Búkollu, Sunnlenska fréttablaðinu og Lögbirtingablaðinu lagðar fram til afgreiðslu:

Tillögur um breytingar á aðalskipulagi:

3. Tillaga um breytingu á aðalskipulagi í landi „Bjargs vestan Rangár”.

Ein athugasemd barst frá Birnu Borg Sigurgeirs dóttur og Guðbrandi Einarssyni.

Efni athugasemdarinnar er; a) um að í fyrirsögn á tillögunni að breytingu á aðalskipulagi vanti að fram komi að viðkomandi land sé land Bjargs og hluti af landi Ægissíðu 1, b) bent er á að tillagan geri ráð fyrir að um íbúðarsvæði verði að ræða í stað frístundabyggðar eftir breytinguna sem lögð er til og vísað er á grein 4.2 í Skipulagsreglugerð.

Hreppsnefnd fellst á að eðlilegt sé að heiti viðkomandi landssvæðis sé tilgreint nákvæmlega og felur skipulags- og byggingafulltrúa að ganga eftir því að því atriði verði breytt.

Hreppsnefnd telur að tillagan að breytingu á landnotkun samkvæmt aðalskipulagi uppfylli ákvæði um íbúðarhúsabyggð sem grein 4.2 í Skipulagsreglugerðinni gerir ráð fyrir.

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi í landi Bjargs og hluta úr landi Ægissíðu 1 með áðurgreindum fyrivörum samþykkt samhljóða.

4. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi í landi „Borgar í Þykkvabæ”.

Engin athugasemd barst við þessa tillögu.

Samþykkt samhljóða.

5. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi í landi Litla-Klofa 1 og 2 í Landsveit.

Engin athugasemd barst við þessa tillögu.

Samþykkt samhljóða.

Tillögur um breytingar á deiliskipulagi:

6. Tillaga að deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Leirubakka.

Tillaga að aðalskipulagsbreytingu hefur ekki hlotið afgreiðslu.

Frestað.

8. Tillaga að deiliskipulagi íbúðahúsabyggðar í landi Bjargs og hluta úr landi Ægissíðu 1.

Tillaga að aðalskipulagsbreytingu hefur ekki hlotið staðfestingu.

Frestað.

9. Tillaga að deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Borgar í Þykkvabæ.

Tillaga að aðalskipulagsbreytingu hefur ekki hlotið staðfestingu.

Frestað.

10. Tillaga að deiliskipulagi í landi Litla-Klofa 1 og 2.

Tillaga að aðalskipulagsbreytingu hefur ekki hlotið staðfestingu.

Frestað.

11. Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Seláss í Holtum.

Engin athugasemd barst við breytingatillöguna.

Samþykkt með 8 atkvæðum, 1 situr hjá, HH.

Fundargerðin samþykkt samhljóða að öðru leyti.

**3. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til kynningar:**

3.1 Félagsmálaneftnd - 45. fundur 11/10'05 í 6 liðum.

3.2 Fræðslunefnd Rangárþings ytra og Ásahrepps - 44. fundur 26/10'05 í 9 liðum.

3.3 Þjónustuhópur aldraðra - fundargerð 7/9'05 í 2 liðum og 20/10'05 1 lið.

**4. Valtýr Valtysson - umsókn um leyfi frá störfum í sveitarstjórn:**

Lagt fram bréf frá Valtýr Valtyssyni, dagsett 28/10'05, þar sem hann óskar eftir leyfi til loka kjörtímabilsins frá störfum í sveitarstjórn Rangárþings ytra og helstu nefndum sem hann hefur átt sæti í.

Valtýr Valtysson mætti á fundinn undir þessum lið og gerði grein fyrir umsókn sinni.

Samþykkt samhljóða.

Valtýr þökkuð störf hans í þágu sveitarstjórnar á kjörtímabilinu og óskað velfarnaðar í nýju starfi.

Valtýr þakkaði sveitarstjórninni fyrir samstarfið það sem liðið er af kjörtímabilinu.

Valtýr vék síðan af fundi.

**5. Kosning fulltrúa í stjórn Eignaumsjónar, Héraðsnefndar og stjórn Lundar og varamanns í hreppsráði í stað Valtýs Valtyssonar:**

Lögð fram tillaga um Birkir Ármannsson taki sæti í stjórn Eignaumsjónar og varmaður í hans stað verði Ingvar Pétur Guðbjörnsson.

Samþykkt með 5 atkvæðum, 4 sitja hjá (HH, VS, PS og LB).

Lögð fram tillaga um að Sigurbjartur Pálsson taki sæti í stjórn Héraðsnefndar og varamaður í hans stað verði Sigrún Ólafsdóttir.

Samþykkt með 5 atkvæðum, 4 sitja hjá (HH, VS, PS og LB).

Lögð fram tillaga um að Sigurbjartur Pálsson taki sæti í stjórn Lundar.

Samþykkt með 5 atkvæðum, 4 sitja hjá (HH, VS, PS og LB).

Lögð fram tillaga um að varamaður í hreppsráði verði Sigrún Ólafsdóttir.

Samþykkt með 5 atkvæðum, 4 sitja hjá (HH, VS, PS og LB).

**6. Tillaga að breytingu á samþykkt um stjórn og fundarskóp Rangárþings ytra - fyrri umræða:**

Lögð fram svohljóðandi tillaga að breytingu á samþykkt um stjórn og fundarskóp Rangárþings ytra:

*Samþykkt um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarskóp Rangárþings ytra nr. 513/2002, með síðari breytingum.*

1. gr.

Í stað „9” í 1. gr. samþykktarinnar kemur: 7.

*Samþykkt þessi, sem sveitarstjórn Rangárþings ytra hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast gildi að loknum sveitarstjórnaðarkosningum 2006. Félagsmálaráðuneytinu, xx. xxxxxxxxx 2005.*

Vísað til síðari umræðu.

**7. Tillaga að endurskoðun fjárhagsáætlunar fyrir árið 2005:**

Lögð fram tillaga að endurskoðun fjárhagsáætlunar fyrir árið 2005.

Eftirfarandi eru helstu breytingar sem verða á áætluninni.

Fjármagnsliðir og afskriftir breytast vegna aukinnar verðbólgu. Gert er ráð fyrir 4% verðbólgu en áætlun gerði ráð fyrir 3% verðbólgu.

Sölutap af íbúðum Giljatanga, Tjarnarbakka, Tjarnarflöt og Kirkjuhvoli er kr. 43,2 m. kr. og er framlag aðalsjóðs til leiguíbúða á árunum 2004-2006 vegna þessa kr. 14,5 m. kr. Framlagið fer til lækknar á langtímaláni við aðalsjóð.

Gert er ráð fyrir aukinni lántöku aðalsjóðs úr kr. 37.000 þús. í kr. 45.000 þús.

Gert er ráð fyrir 5% vöxtum á nýjum lánum Aðalsjóðs.

Gert er ráð fyrir betri rekstramiðustöðu en áætlanir gerðu ráð fyrir um kr. 51.380 þús.

Samþykkt með 6 atkvæðum, 3 sitja hjá (HH, VS og PS).

**8. Orkuveita Reykjavíkur - tilmæli um samráð vegna umsóknar um rannsóknarleyfi:**

Lagt fram bréf frá Orkuveitu Reykjavíkur, dagsett 11/10'05, með tilmælum um samráð vegna umsóknar um rannsóknarleyfi á háhitasvæðinu í Vesturdölum, vestast á Torfajökulssvæðinu.

Lagt er til að afgreiðslu erindisins verði frestað og að óskað verði eftir að fulltrúar Orkuveitu Reykjavíkur komi til fundar við sveitarstjórnina og geri nánari grein fyrir áformum fyrirtækisins.

Samþykkt samhljóða.

**9. Tillögur vinnuhóps um málefni veitna:**

Lagðar fram tillögur vinnuhóps um málefni veitna, dagsett 15/10'05, vegna forsendna í reiknilíkani OR um arðsemi kaldavatnsveitna í sveitarfélagini.

Lagt er til að tillögum verði vísað til samráðsnefndar Rangárþings ytra og Ásahrepps og lagt til að nefndinni verði falið að gangast fyrir stofnun byggðasamlangs um rekstur, framkvæmdir og umsjón með vatnsveitum sveitarfélaganna.

Samþykkt samhljóða.

**10. Brunamálastofnun - tilmæli um tilnefningu fulltrúa:**

Lagt fram bréf frá Brunamálastofnun, dagsett 18/10'05, þar sem óskað er eftir tilnefningu eins fulltrúa fá hverju sveitarfélagi í Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslum í samráðsnefnd um samvinnu slökkviliða í Rangárvallasýslu og V-Skaftafellssýslu.

Lagt er til að fulltrúi Rangárþings ytra í samráðsnefnd verði Ólafur E. Júlíusson.

Samþykkt samhljóða.

Meðfylgjandi eru skýrslur um samvinnu Slökkviliðs Mýrdalshrepps og Brunavarna Rangárvallasýslu og skýrsla um samvinnu slökkviliða í Vestur-Skaftafellsýslu.

**11. Vinnueftirlitið - tillmæli um skipan öryggisvarða og kosning öryggistrúnaðarmanna:**

Lagt fram bréf frá Vinnueftirlitinu, dagsett í október '05, þar sem óskað er eftir að tilnefndir verði öryggistrúnaðarmenn á vinnustöðum með 10 starfsmönnum eða fleiri.

Lagt er til að erindinu verði vísað til forstöðumanna Grunnskólans á Hellu, Heklukots og Laugalandsskóla til afgreiðslu hver á sínum stað.

Samþykkt samhljóða.

**12. Þjónustuhópur aldraðra - erindi vegna þjónustuþúða:**

Lagt fram bréf frá Þjónustuhópi aldraðra, dagsett 25/10'05, þar sem fram koma tilmæli um frekari viðræður við "Búmenn" um möguleika í byggingu þjónustuhúsnaðis fyrir aldraða.

Lagt er til að tekið verði jákvætt í erindið.

Samþykkt samhljóða.

**13. Fulltrúar K- og Ó-lista - tillaga varðandi fundargerðir Eignarhaldsfélags Suðurlands hf.:**

Lögð fram tillaga K- og Ó-lista um að sveitarstjórn Rangárþings ytra óski eftir því að fundargerðir stjórnar Eignarhaldsfélags Suðurlands verði sendar sveitarstjórn til kynningar og umfjöllunar.

Samþykkt með 8 atkvæðum, 1 situr hjá, EO.

**14. Stjórн Foreldra- og kennarafélags Grunnskólans á Hellu - opnun félagsmiðstöðvar:**

Lagt fram bréf frá stjórн Foreldra- og kennarafélags Grunnskólans á Hellu, dagsett 26/10'05, þar sem lýst er áhyggjum vegna scinkunnar á opnun félagsmiðstöðvarinnar á Hellu.

Hreppsnefnd tekur undir áhyggjur og tilmæli stjórnar Foreldra- og kennarafélags Grunnskólans á Hellu og hvetur Umhverfissvið og Eignaumsjón til að hraða framkvæmdum eins og kostur er.

**15. Tillaga að ályktun um eflingu atvinnulífs frá fulltrúum K- og Ó-lista:**

Lögð fram tillaga frá fulltrúum K- og Ó-lista að ályktun Rangárþings ytra um eflingu atvinnulífs. Lögð fram tillaga um orðalagsbreytingar frá fulltrúum D-lista.

Eftirfarandi ályktun sveitarstjórnar Rangárþings ytra var samþykkt samhljóða:

Ályktun hreppsnefndar Rangárþings ytra um eflingu atvinnulífs í Rangárvallasýslu:

Hreppsnefnd Rangárþings ytra ályktar að efla beri starfsemi Landgræðslu ríkisins í Gunnarsholti og tekur undir tillögu um að þar verði stofnað þekkingarsetur í náttúrufræðum og alþjóðleg rannsóknarmiðstöð á sviði landgræðslu og landverndar.

Landgræðsla ríkisins í Gunnarsholti er einn af stærri vinnuveitendum í Rangárvallasýslu og því ákaflega mikilvægur þáttur í atvinnulífi heraðsins. Landgræðsla ríkisins er þekkingarsetur þar sem m.a. eru stundaðar mikilvægar rannsóknir og þróun á vistkerfi plantna. Starfsemi Landgræðslu ríkisins í Gunnarsholti er vettvangur fyrir vel menntað fólk til þess að stunda mikilvæga þekkingarstarfsemi í náttúrufræðum. Hjá Land-græðslunni starfar þegar stór hópur af háskólamenntuðum sérfræðingum á ýmsum sviðum náttúrufræða og afar mikilvægt er fyrir heraðið að efla starfsemi hennar á öllum sviðum.

Í skýrslu frá Þróunarsviði Byggðastofnunar um „Byggðarlög í sókn og vörn” útg. í ágúst 2004, kemur m.a. fram að meðallaunatekjur á Suðurlandi skv. framtölum frá árunum 1998 - 2004 (launatekjur 1997 - 2003) eru undir landsmeðaltali á þessu tímabili og gefur það vísbindingar um að brýna nauðsyn beri til að fjölgja atvinnutækifærum fyrir fólk með góða menntun. Starfsemi Landgræðslu ríkisins í Gunnarsholti er einmitt vettvangur sem stuðlar að styrkingu Rangárvallasýslu sem vettvangs fyrir vel menntað fólk til atvinnusóknar og búsetu.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra vekur athygli á þessu mikilvæga þekkingarsetri og mun af fremsta megni styðja við uppbyggingu og eflingu á starfseminni í Gunnarsholti og hvetur stjórnvöld til að tryggja þessu mikilvæga verkefni brautargengi.

Samþykkt samhljóða að ályktunin verði send til eftirtalinnar aðila:

Rangárþings eystra, Ásahrepps, Landbúnaðarráðuneytis, Menntamálaráðuneytis, Umhverfisráðuneytis, Fjármálaráðuneytis.

Alþingi: Þingfloksformanna, Landbúnaðarnefndar, Menntamálanefndar, Umhverfisnefndar, Fjárlaganefndar.  
Að auki til: Þingmanna og varapิงmanna Suðurkjördæmis, [www.sudurland.is](http://www.sudurland.is) og fjölmöðla.

Ályktunin verði einnig birt á heimasiðu sveitarfélagsins.

## **16. Umhverfisráðuneytið - beiðin um tilnefningu fulltrúa í ráðgjafanefnd um stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs:**

Lagt fram bréf frá umhverfisráðuneytinu, dagsett 26/10'05, þar sem óskað er eftir tilnefningu sameiginlegs fulltrúa og varafulltrúa Rangárþings ytra og Ásahrepps í ráðgjafanefnd um stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs.

Lagt er til að erindinu verði vísað til samráðsnefndar Rangárþings ytra og Ásahrepps til afgreiðslu.

Samþykkt samhljóða.

## **17. Fundarboð, námskeið, ráðstefnur, þjónusta og umsóknir um styrki:**

17.1 Fjármálaráðstefna sveitarfélaga 10. og 11. nóvember 2005 - dagskrá.

Til kynningar.

17.2 Umhverfisstofnun 21/10'05 - ársfundur náttúruverndarnefnda og UST 17/11'05.

Til kynningar.

17.3 SASS 38/10'05 - málþing um málefni ungs fólks á Suðurlandi.

Til kynningar.

17.4 Málþing um umbúðaúrgang 14/11'05.

Til kynningar.

**18. Annað efni til kynningar:**

- 18.1 Tillögur Rangárþings ytra um breytingar á drögum að nýrri fjallskilasamþykkt fyrir Rangárvallasýslu.
- 18.2 Ályktun frá svæðisþingi tónlistarskólakennara á Norður- og Austurlandi 23/9'05.
- 18.3 Orkuveita Reykjavíkur 25/10'05 - fundargerð samráðsfundar 18/10'05 með notendum frá Hveragerði og Rangárvallasýslu.
- 18.4 Málflutningsskrifstofan ehf. 24/10'05 - afrit af umsögn Vegagerðarinnar vegna stjórnsýslukæru varðandi flokkun Þrúðvangs á Hellu innan eða utan þjóðvegakerfisins.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 20.30.

Sigrún Sveinbjarnardóttir, ritari.

# Hreppsnefnd Rangárþings ytra

## Fundargerð

**55. fundur hreppsnefndar Rangárþings ytra kjörtímabilið 2002 - 2006, haldinn að Laugalandi í Holtum, miðvikudaginn 5. október 2005, kl. 16:00.**

Mætt: Sigurbjartur Pálsson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Valtýr Valtýsson, Viðar H. Steinarsson, Þróstur Sigurðsson, Heimir Hafsteinsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Lúðvík Bergmann, Engilbert Olgeirsson og Sigrún Sveinbjarnardóttir, sem ritar fundargerð. Einnig sitja Þórhallur Svavarsson og Sigrún Ólafsdóttir hluta fundarins.

Oddviti setti fund og stjórnaði honum.

Lögð fram tillaga að breytingu á dagskrá; við bætast liðir nr. 2.4, 12.2 og 12.4 og færast aðrir liðir aftur sem þessu nemur. Einnig lögð fram tillaga um að lið nr. 4 verði frestað.

Samþykkt samhljóða.

### 1. Fundargerðir hreppsráðs:

1.1 Lögð fram fundargerð 75. fundar hreppsráðs 12/9'05 í 13 liðum.

Samþykkt samhljóða.

1.2 Lögð fram fundargerð 76. fundar hreppsráðs 26/9'05 í 16 liðum.

Engilbert tekur ekki þátt í umræðum og afgreiðslu á 12. lið fundargerðarinnar.

Samþykkt samhljóða.

### 2. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til staðfestingar:

2.1 Stjórn Eignaumsjónar - 19. fundur 7/9'05 í 8 liðum.

Fylgigögn:

- Lagt fram bréf frá Eignaumsjón, dagsett 8/9'05, um afgreiðslu á beiðni eigenda Leirubakka um afnot af veginum Réttarnes.
- Lagt fram bréf frá Eignaumsjón, dagsett 8/9'05, um samþykki Eignaumsjónar við sölu á lóðum í landi Merkikhvols.
- Lagt fram bréf frá Eignaumsjón, dagsett 8/9'05, um niðurstöður varðandi tillögur um húsnaðismál leik- og grunnskóla að Laugalandi ásamt tilheyrandi fylgigjögnum.

Liður 1 í fundargerðinni samþykktur með 6 atkvæðum, 3 sitja hjá (VS, HH, PS).

#### Bókun vegna 1. liðar í fundargerð 19. fundar Eignaumsjónar:

*Undirritaðir vilja taka fram að þeir eru alls ekki mótfallnir því að bæta aðstöðu leikskóla á Laugalandi ef þörf krefur.*

*Hins vegar teljum við að undirbúningi málsins sé stórlega ábótavant og bendum m.a. að ekki liggur fyrir marktæk spá um þróun barnafjölda í Rangárþingi ytra og Ásahreppi til næstu 5-10 ára.*

*Einnig er ljóst að undirritaðir getum ekki metið raunkostnað við framkvæmdina, þ.e. byggingu lausra kennslustofa, eftir þeim gögnum sem fyrir liggja. Ekki liggur heldur fyrir raunhæfur samanburður á því hvort sé hagkvæmara að byggja í einkaframkvæmd eða að sveitarfélagid byggi og eigi húsnaðið m.a. með tilliti til eiganhalds í lok samningstímans ef valin yrði leið einkaframkvæmdar.*

*Viðar Steinarsson, Þróstur Sigurðsson, Heimir Hafsteinsson.*

**Bókun fulltrúa D-lista vegna bókunar fulltrúa K- og Ó-lista á fundi hreppsnefndar Rangárþings ytra 5. október 2005 við 1. lið fundargerðar 19. fundar Eignaumsjónar frá 7. september 2005:**

Fulltrúar D-lista vísa því á bug að um óvönduð vinnubrögð sé að ræða í undirbúnini málsins. Málid hefur sengið itarlega umfjöllun í Eignaumsjón og á fyrri fundum sveitarstjórnar. Auk þess var að störfum starfsnefnd á vegum sveitarstjórnar sem fyllti um uppyggingu leikskóla í sveitarfélagini.

Eignaumsjón hefur i vinnsluferli þessa máls kynnt niðurstöðu sina um samanburð á kostnaði við einkaframkvæmd eða að sveitarfélagið byggi sjálft og niðurstaðan er að einkaframkvæmd sé hagstæðari fyrir sveitarfélagið.

Varðandi spá um þróun barnaflölda á upptökusvæði leikskólans á Laugalandi liggur fyrir að börn á leikskólaaldrí eru 34. Aðalskipulag sveitarfélagsins gerir ráð fyrir fjölgun upp á 1% næstu árin.

Fulltrúar D-lista eru fullir bjartsýni um að ibúum haldi áfram að fjölda. Uppbygging leikskóla er því leið meiri hlutans til að bregðast við þeirri framtíðarsýn.

Sigurbjartur Pálsson. Guðmundur Ingi Gunnlaugsson. Engilbert Olgeirsson. Þórhallur J. Svavarsson. Ingvar P. Guðbjörnsson.

Liður 2 í fundargerðinni samþykktur með 7 atkvæðum, 2 sitja hjá (VS, HH).

Liður 3 í fundargerðinni samþykktur samhljóða.

Liður 4 í fundargerðinni samþykktur samhljóða með fyrirvara um að eigandi Leirubakka sjái um uppyggingu og viðhald vegarins frá Landvegi að vegamótum neðri tengingar við sumarbústaðahverfið.

Fundargerðin samþykkt samhljóða að öðru leyti.

Valtýr yfirlægð fundinn og við sæti hans tók Þórhallur Svavarsson.

2.2 Menningarmálanefnd - 14. fundur 6/7'05 í 3 liðum.

Lið 2 í fundargerðinni vísað til Eignaumsjónar til umfjöllunar og tillöguggerðar.

Fundargerðin samþykkt samhljóða að öðru leyti.

2.3 Menningarmálanefnd - 15 fundur 23/9'05 í 1 lið.

Lagt er til að óskað verði eftir greinargerð um allar framkvæmdir og kostnað vegna viðgerða á Hellnahelli frá upphafi verkefnisins.

Afgreiðslu fundargerðarinnar frestað þar til framangreind greinargerð liggur fyrir.

2.4 Samráðsnefnd sveitarstjórnar Rangárþings ytra og Ásahrepps - fundur 4/10'05 í 2 liðum.

Samþykkt samhljóða.

### **3. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til kynningar:**

3.1 Stjórn Sorpstöðvar Rangárvallasýlu bs. - 96. fundur 28/9'05 í 8 liðum.

3.2 Stjórn Skólaskrifstofu Suðurlands - 82. fundur 28/9'05 í 4 liðum.

3.3 Stjórn SASS - 387. fundur 29/9'05 í 15 liðum.

**4. Valtýr Valtýsson, umsókn um tímabundið leyfi frá störfum í sveitarstjórn:**

Frestað.

**5. Sigurbjartur Pálsson - tillaga um að sveitarstjóra verði falið að móta og leggja fram tillögu um breytingu/m á samþykkt um stjórn og fundarskóp Rangárþings ytra:**  
Lögð fram tillaga og greinagerð, dagsett 27/9'05, um að sveitarstjóra verði falið að leggja fram tillögu að breytingum á samþykktum um stjórn og fundarskóp Rangárþings ytra m.a. með tilliti til breytingar á fjölda fulltrúa í sveitarstjórninni.

Samþykkt samhljóða.

**6. Drög að Fjallskilasamþykkt fyrir Rangárvallasýslu:**

Lögð fram drög að nýrri Fjallskilasamþykkt fyrir Rangárvallasýslu, móttokin 22/9'05.

Lagt er til að fela sveitarstjóra að yfirlífa drögin og leggja fram tillögur um breytingar sem verði lagðar fyrir hreppsráðsfund til afgreiðslu.

Samþykkt samhljóða.

**7. Holtaveitan - umsókn um aukafjárveitingu vegna nýframkvæmda:**

Lagt fram bréf frá Holtaveitunni, dagsett 23/9'05, þar sem sótt er um aukafjárveitingu vegna nýframkvæmda við virkjun aukins vatnsmagns í Götu og nýrra stofn- og dreifilagna.

Samþykkt samhljóða að veita Holtaveitunni lán til framkvæmdanna sem nemur hlut Rangárþings ytra í þeim.

**8. Ágúst Sigurðsson - umsögn sveitarstjórnar vegna kaupa á jörðinni Kirkjubæ:**

Lagt fram bréf frá Ágústi Sigurðssyni, dagsett 20/9'05, þar sem óskað er meðmæla sveitarstjórnar vegna kaupa á jörðinni Kirkjubæ á Rangárvöllum.

Hreppsnefnd samþykkir að veita jákvæða umsögn um ábúð Ágústs á Kirkjubæ sbr. ákvæði Jarðalaga.

**9. Endurreisnarfélagið ehf. - uppsögn á samningi um Töðugjöld:**

Lagt fram bréf frá Endurreisnarfélagini ehf., dagsett 12/9'05, þar sem samningi við Rangárþing ytra, Rangáping eystra og Ásahrepp um Töðugjöld er sagt upp.

Uppsögn Endurreisnarfélagsins ehf. á samningi um Töðugjöld sem er dagsettur 20. júlí 2005 er samþykkt samhljóða.

Lagt er til að atvinnu- og ferðamálanefnd verði falið að móta og leggja fram tillögu um framtíð Töðugjaldanna.

Samþykkt með 8 akvæðum, 1 situr hjá (HH).

**10. Tillögur og fyrirspurnir frá K- og Ó listum:**

10.1 Tillaga um viðræður við stjórnir Sláturhússins á Hellu hf. og Kartöfluverksmiðju Þykkvabæjar hf. um sölu á hlutafjáreign sveitarfélagsins í þessum fyrirtækjum.

*J.H.*  
*SP.*

#### Tillaga um lið 10.1:

Aðeins er liðinn mánúður frá því að samþykkt var í hreppsnefnd að fresta sölu á hlutafjáreign sveitarfélagsins í Slátturhúsinu Hellu hf. Skammt er um liðið síðan lá fyrir, að ekki reyndist áhugi fyrir kaupum á hlut sveitarfélagsins í Kartöfluverksmiðju Þykkvabæjar hf. þrátt fyrir að hann hafi verið auglýstur. Með vísan til framangreindra atriða er talið rétt að setja þessar sölur í biðstöðu um sinn og efna ekki til frekari umræðu við stjórnir félaganna að svo stöddu.

Samþykkt með 5 atkvæðum, 4 sitja hjá (LB, HH, VHS, PS).

#### Bókun vegna fyrirhugaðrar sölu á hlutabréfum í eigu sveitarfélagsins.

Undirritaðir telja mikilvægt að unnið sé áfram að sölu á hlutabréfum sveitarfélagsins í Slátturhúsinu á Hellu og Kartöfluverksmiðju Þykkvabæjar og nauðsynlegt að stjórnir og forsvarsmenn fyrirtækjanna skynji að alvara er í málínu og að sveitarfélagið vænti samsvarandi viðbragða.

Ef ekki er vilji stjórnar/hluthafa að kaupa hlut sveitarfélagsins í Kartöfluverksmiðju Þykkvabæjar þá hlýtur það að vera krafa af hálfu sveitarfélagsins að afsetningaráhlutur sá er fylgir eignarhaldinu verði leigður og þær tekjur renni í sveitarsjóð.

Undirritaðir: Heimir Hafsteinsson, Viðar H. Steinarsson og Pröstur Sigurðsson.

#### 10.2 Tillaga um uppsögn samnings um Atvinnu- og ferðamálaverkefni Rangárþings og Mýrdals.

##### Tillaga um lið 10.2:

Talið er óráðlegt að segja upp aðild að verkefni um atvinnu- og ferðamál án þess að viðræður hafi farið fram á milli sveitarfélaganna um málefnið. Í staðinn er lagt til að óskað verði eftir við stjórn verkefnisins að boðað verði sem allra fyrst til ársfundar fyrir verkefnið þar sem m.a. yrði fjallað um framtíð þess.

Samþykkt með 8 atkvæðum 1 sat hjá (HH).

#### 10.3 Umræða um mótorhjólamenningu á Hellu og aðstöðusköpun til iðkunar mótorsports hverskonar.

##### Tillaga um lið 10.3:

Lagt er til að þessu erindi verði vísað til íþróttá- og æskulýðsnefndar og skipulags- og bygginganefndar til umfjöllunar og tillögugerðar.

Samþykkt samhljóða.

#### 10.4 Fyrirspurn um stöðu skipulagsmála á Hellu og hvar næstu svæði fyrir íbúðabyggð og athafnasvæði eru fyrirhuguð.

##### Svar við lið 10.4:

Skipulags- og byggingafulltrúi hesur um skeið verið að skoða framtíðarmöguleika og næstu skref í skipulagsmálum Hellu og viðar í sveitarfélagini. Lagt er til að þessari fyrirspurn verði vísað til skipulags- og byggingafulltrúa og skipulags- og bygginganefndar til umfjöllunar og tillögugerðar fyrir lok nóvember 2005.

#### 10.5 Fyrirspurn varðandi rekstur mótneyta, kostnað pr. máltíð og hugsanleg verð fyrir aðkeyptan mat í mótneytin.

##### Svar og tillaga við lið 10.5:

Úttekt á þessu hesur ekki verið gerð. Lagt er til að sveitarstjóra verði falið að láta gera úttekt á kostnaði pr. máltíð í mótneytum grunnskólanna á Laugalandi og Hellu og leikskólans Heklukots og leggja fyrir sveitarstjórn sem fyrst. Að auki verði aflað upplýsinga um möguleg verð á aðkeyptum mat eftir því sem slíkar upplýsingar eru tiltekar án útboðs.

Samþykkt samhljóða.

## 10.6 Tillaga um fækkun fulltrúa í sveitarstjórn úr 9 í 7.

### Tillaga um lið 10.6:

*Tillöggunni er vísað til framlagningará tillögu/m að breytingum á samþykktum stjórn og fundarskóp Rangárþings. Tillöggunni er vísað til framlagningará tillögu/m að breytingum á samþykktum stjórn og fundarskóp Rangárþings. Af hálfa meirihluta sveitarstjórnar hefur ytra sbr. afgreiðslu á 5. lið 55. fundar hreppsnefndar Rangárþings ytra. Af hálfa meirihluta sveitarstjórnar hefur verið gengið út frá því frá upphafi þessa kjörtímabilis að samþykktum stjórn og fundarskóp yrði tekin til endurskoðunar í lok þess með mögulega fækkun sveitarstjórnarfulltrúa í huga. Við gerð tillögu um fulltrúafjölda í sveitarstjórninni var upphaflega gengið út frá því að Ásahreppur yrði með í sameiningunni en tillagan var svo látin haldast þó það sveitarfélags heiltist úr lestinni.*

Samþykkt samhljóða.

### 10.7 Fyrirspurnir:

- Fyrirspurn um tímasetningu fyrir rif á ónýtum húsum á Hellu og í Þykkvabæ.

#### Svar við lið 10.7 a:

*Samkvæmt upplýsingum starfsmanns Eignaumsjónar og svíðsstjóra Umhverfissviðs er undirbúnin gengið útboði á niðurriði gamla samkomuhússins í Þykkvabæ og aflagðs fyrstihúss á Hellu hafinn. Vonast er til þess að framkvæmdir hefjist síðar í haust.*

- Fyrirspurn um framgang mála í vinnuhópi varðandi uppbyggingu grunn- og leikskóla á Hellu.

#### Svar við lið 10.7 b:

*Samkvæmt upplýsingum frá svíðsstjóra Umhverfissviðs var Reyni Vilhjálmsyni, landslagsarkitekt salið að móta nánar tillögu um landnotkum á skóla- og íþróttasvæðinu á Hellu. Tillögur Reynis hafa ekki borist ennpá og því hefur vinnuhópurinn ekki verið kallaður saman um hrið. Þráðurinn verður tekinn upp á ný um leið og tillögur Reynis liggja fyrir.*

- Fyrirspurn um framgang mála í vinnuhópi varðandi skoðun á mögulegri hagræðingu í rekstri grunnskólanna á Hellu og Laugalandi auk stefnumótunar í fræðslumálum sveitarfélagsins.

#### Svar við lið 10.7 c:

*Haldinn var undirbúningsfundur í vinnuhópnum síðastliðið vor og ákveðið þar að aðla nokkura gagna. Til stöð að halda fund í vinnuhópnum ásamt skólastjórum grunnskólanna fyrir sumarþyrjun en það náðist ekki. Vinnuhópurinn hefur verið boðaður til fundar 17. október n.k. og mun væntanlega skila niðurstöðu sinni síðar í haust.*

- Fyrirspurn um stöðu mála á uppgjöri og frágangi á sölu Fiskeldisstöðvarinnar í Fellsmúla.

#### Svar við lið 10.7 d:

*Framkvæmdastjóri Fiskeldisstöðvarinnar í Fellsmúla ehf. hefur undanfarna mánuði unnið að frágangi útistandandi skulda og krafnar fiskeldisstöðvarinnar. Þeirri vinnu er ekki lokið ennpá og því liggur niðurstaða varðandi fjárhag hlutafélagsins ekki fyrir. Niðurstaðan verður lögð fram um leið og frágangi og uppgjörum verður lokið.*

#### Bókun:

*Undirritaðir leggja áherslu á að þrýst verði á fyrrverandi framkvæmdastjóra Fiskeldisstöðvarinnar í Fellsmúla, Hrólfs Ölvisson, um að skila sem fyrst uppgjöri vegna sölu eigna og eigi síðar en fyrir áramót 2005 og 2006. Við teljum nauðsynlegt að um áramót liggi fyrir hreint borð hvað varðar sölu á eignum Fiskeldisstöðvarinnar í Fellsmúla.*

*Undirritaðir: Heimir Hafsteinsson. Pröstur Sigurðsson. Viðar H. Steinarsson.*

**11. Sameiginleg svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2005-2020:**

Lögð fram tillaga að sameiginlegri svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2005-2020.

Samþykkt samhljóða.

**12. Fundarboð, námskeið, ráðstefnur, þjónusta og umsóknir um styrki:**

12.1 Félagsþjónusta Rangárvalla- og V-Skaftafelssýslu - aðalfundarboð 6/10'05.

Til kynningar.

12.2 Hekluskógar 3/10'05 - boð á málþing um Hekluskóga 12/10'05.

Til kynningar.

12.3 Rauði kross Íslands 30/9'05 - umsókn um styrk.

Samþykkt samhljóða að veita styrk að upphæð kr. 15.000.-.

12.4 Bjarni Harðarson 3/10'05 - umsókn um styrk vegna "Bókamessu að Laugalandi 15/10'05".

Samþykkt samhljóða að veita styrk sem nemur hlut Rangárþings ytra í húsaleigu að Laugalandi.

**13. Aðnað efni til kynningar:**

13.1 Ríkislögreglustjórnin 30/9'05 - frestun á æfingunni "Bergrisinn 2005" til 24/3'05.

13.2 Sjónarhóll 19/9'05 - þakkar fyrir veittan stuðning við "Haltur leiðir blindan" sumarið 2005.

13.3 Fasteignamat ríkisins 22/9'05 - um skil á upplýsingum fyrir fasteignamat.

Engilbert Olgeirsson yfirgefur fundinn við yfirferð kynningarefnis og frágang fundargerðar og Sigrún Ólafsdóttir tekur sæti á fundinum í staðinn.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 21.00

Sigrún Sveinbjarnardóttir, ritari.

*Sigrún Sveinbjarnardóttir  
Virkunni  
Hans Þorsteinsson  
Mastur Sjúrðssons  
Vidur Steinarsen  
Sigurður Þórhólmsson  
Ingvor Þorsteinsdóttir  
Sigrún Ólafsdóttir  
Lýndi Þórhólmsson*

# Hreppsnefnd Rangárþings ytra

## Fundargerð

**54. fundur** hreppsnefndar Rangárþings ytra kjörtímbilið 2002 - 2006, haldinn að Laugalandi í Holtum, miðvikudaginn 31. ágúst 2005, kl. 17:00.

Mætt: Sigurbjartur Pálsson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Sigrún Ólafsdóttir, varamaður Valtýs Valtýssonar, Viðar H. Steinarsson, Þróstur Sigurðsson, Heimir Hafsteinsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Guðfinna Þorvaldsdóttir, varamaður Lúðvíks Bergmanns, Engilbert Olgeirsson og Sigrún Sveinbjarnardóttir, sem ritar fundargerð.

Að auki situr Þórhallur Svavarsson fundinn við afgreiðslu 6. liðar.

Lögð fram tillaga að breytingu á dagskrá; nýir liðir nr. 4, 5 og 10.1 og færast aðrir liðir aftur sem þessu nemur.

Samþykkt samhljóða.

### 1. Fundargerðir hreppsráðs:

1.1 Lögð fram fundargerð 71. fundar hreppsráðs, 14/7'05 í 15 liðum.

1.2 Lögð fram fundargerð 72. fundar hreppsráðs, 28/7'05 í 16 liðum.

1.3 Lögð fram fundargerð 73. fundar hreppsráðs, 25/8'05 í 13 liðum.

1.4 Lögð fram fundargerð 74. fundar hreppsráðs, 26/8'05 í 4 liðum.

Til kynningar.

Bókun 31. ágú. 05 vegna vinnubragða við undirbúning Töðugjalda 2005 og samning við Endurreisnarfélagið um framkvæmd töðugjalda.

Ýmislegt virðist á huldu og lausbeislað þegar farið er yfir undirbúning Töðugjalda 2005.

Undirbúningshópur sá er skipaður var virðist hafa verið utangáttu og að sögn samþykkt fyrir sitt leyti samning við Endurreisnarfélagið um framkvæmd Töðugjalda 2005. Ekkert skriflegt hefur sést varðandi þessa afgreiðslu undirbúningshópsins né frá þeim viðræðum sem að sögn oddvita fóru fram milli forsvarsmana sveitarfélaganna. Engar fundargerðir, engar undirskriftir til að byggja frekari ákvárdanatöku á. Verður það að teljast ámælisvert og stórundarlegt miðað við þau almennum vinnubrögð sem viðhöfð hafa verið við stjórnsýslu Rangárþings ytra a.m.k. Síðan kemur það meirihlutamönnum í hreppsráði Rangárþings ytra á óvart að hreppsnefnd Rangárþings eystra skuli ekki samþykka gerðan samning við Endurreisnarfélagið og jafnframt kemur fram í erindi sveitarstjórnar Rangárþings eystra að þeir munu samþykka að framlag héraðsnefndar gangi óskipt til Töðugjalda 2005 auk þess að gefa í skyn að Töðugjöld 2006 gætu farið fram á Hvolsvelli.

Svo tala menn um misskilning á milli þeirra sveitarfélaga sem að sögn ætluðu að standa að umræddum samningi við Endurreisnarfélagið, hver er að misskilja hvern. Með ekkert skriflegt í höndunum bara orðin ein.

Hvernig kemur það til að Endurreisnarfélagið sprettur upp og tekur að sér framkvæmd töðugjalda með u.p.b. mánaðarfyrirvara og gegn 1,5 millj.kr. þóknun? Var auglýst eftir framkvæmdaraðila eða var þessu einfaldlega úthlutað og telst það eðlilegur framgangsmáti af hálfu sveitarfélaga eða sveitarfélags í þessu tilfelli?

Um framkvæmd Töðugjaldanna sem slikra eru skiptar skoðanir og má fullvist telja að hægt sé að gera betur miðað við það fjármagn sem veitt var í verkefnið og að því gefnu að undirbúninstími sé með þeim hætti að viðunandi sé.

Það er ljóst að mati undirritaðra að stokka þarf spilin upp eina ferðina enn og fara yfir málin með aðildarsveitarfélögum ef Töðugjöld 2006 eiga að líta dagsins ljós. Hátiðarhöld í líki töðugjaldar

*innanbæjar á Hellu, Hvolvelli eða í Ásahreppi er ekki það sem upp var lagt með og er allt annar hlutur en Töðugjöld sem sveitarfélögın hafa staðið sameiginlega að á undanförmum árum.*

*Undirritaðir telja að undirbúnin gur töðugjalda hefði átt að vera eitt af verkefnum atvinnu- og ferðamálafulltrúa og harma það sleifarlag sem stjórn atvinnu- og ferðamálaverkefnis Rangárþings og Mýrdals hefur sýnt hvað varðar undirbúnin töðugjalda.*

*Undirritaðir taka undir með hreppsnefnd Ásahrepps þar sem heir hvetja til samráðsfundar um framkvæmd Töðugjalda 2005 og óska eftir greinargerð frá undirbúningsnefnd Töðugjalda.*

*Undirritaðir visa að auki i bókun Viðars H. Steinarssonar í fundargerð 74. fundar hreppsráðs 3. lið þar sem verið er að fylla um greiðslur til Endurreisnarfélagsins vegna Töðugjalda 2005.*

*Jafnframt er rétt að taka fram í ljósi orðalags síðustu setningar, fulltrúa meiri hlutans í hreppsráði Ry. í bókun þeirra um sama málefni úr sömu fundargerð, að ekki er verið með neinar aðdróttanir í garð samstarfs sveitarfélaga heldur er verið að lýsa forsögu málsins og þeim einkennilegu vinnubrögðum sem oddviti Rangárþings ytra hefur viðhaft í málínu.*

*Undirritaðir : Þróstur Sigurðsson, Heimir Hafsteinsson, Viðar Steinarsson.*

Bókun fulltrúa D-lista í tilefni bókunar fulltrúa K- og Ó-lista um framkvæmd Töðugjalda og samningi við Endurreisnarfélagið ehf. um hana, lögð fram á fundi hreppsnefndar Rangárþings ytra þ. 31. ágúst 2005:

*Framkvæmdanefnd Töðugjalda 2005 var ekki fullskipuð fyrr en í júlí mánuði sl. Nefndinni var mikill vandi á höndum og tímí afar stuttur til undirbúnings. Endurreisnarfélagið ehf. baud nefndinni að það tæki að sér þann hluta Töðugjaldanna sem áður hefur farið fram á Gaddstaðaflótum en með því skilyrði að halda mætti þennan hluta innanbæjar á Hellu. Í samkomulagi aðila var kveðið á um að Töðugjöldin gætu verið viðfeðmari og farið fram viða um Rangárvallasýslu með aðkomu fleiri aðila.*

*Framkvæmdanefndin kallaði til samráðsnefnd sveitarfélaganna þriggja í Rangárvallasýslu um Töðugjöld og reiðvegi sem samanstendur m.a. af oddvitum þeirra og öðrum fulltríum. Samráðsnefndin félst á þetta fyrirkomulag og munnlegt samkomulag var á milli allra aðila sem að komu um að leggja til við sveitarfélögın að framkvæmd Töðugjaldanna 2005 yrði með þeim hætti sem Endurreisnarfélagið ehf. lagði til. Því kom það fullkomlega í opna skjoldu að sveitarstjórn Rangárþings eystra skyldi neita örfaum dögum fyrir Töðugjöldin að samþykkja fyrilliggjandi samning, sem þó var búinn að fá blessun fulltrúa þess sveitarfélags. Samningurinn hafði verið undirritaður af hálfu Rangárþings ytra í góðri trú þ. 20. júlí sl. Eins og fram kemur í samþykkt hreppsnefndar Ásahrepps kom það fulltríum þess sveitarfélags einnig í opna skjoldu hver afstaða sveitarstjórnar Rangárþings eystra reyndist vera í raun. Þegar þessi óvænta afstaða Rangárþings eystra lá fyrir var of seint að smúa til baka enda var undirbúnin gur kominn á lokaspátt. Rangárþing ytra hlýtur að taka ábyrgð á útborgun samningsupphæðar til Endurreisnarfélagsins ehf. enda fyrilliggjandi samningur undirritaður af þess hálfu. Ekki var málefnaleg staða til þess að láta félagið gjalda þess að samstaða reyndist ekki vera fullkommen á milli sveitarfélaganna þegar á reyndi.*

*Framkvæmd Töðugjaldanna tókst vel og var Rangárþingi og Endurreisnarfélagini ehf. til sóma. Tekið er undir það að sveitarfélögın verða að leysa úr þessu máli með samráði sín í milli og koma sér niður á hvernig fjárhagshlið Töðugjaldanna 2005 leysist endanlega og sömuleiðis hvernig samskipti verða um framkvæmd þeirra til framtíðar.*

*Visað er á bug að oddviti Rangárþings ytra eða aðrir hafi haft e.k. óeðlilega aðkomu að þessu máli, aðilar héldu á málínu í góðri trú og samkvæmt þeim niðurstöðum sem fengust á fundum, þó ekki væru færðar formlegar fundargerðir.*

*Undirritaðir lýsa þeirri von sinni að nýastaðin vel heppnuð Töðugjöld geti orðið grunnur að öflugri héraðshátið á komandi árum, hvort heldur sem Rangárþing ytra stendur eitt að þeim, eða í samstarfi við önnur sveitarfélög í Rangárvallasýslu.*

*Undirritaðir: Sigurbjartur Pálsson, Guðmundur I. Gunnlaugsson, Engilbert Olgeirsson, Sigrún Ólafsdóttir, Ingvar Pétur Guðbjörnsson.*

## **2. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til staðfestingar:**

Engar fundargerðir liggja fyrir.

## **3. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til kynningar:**

3.1 Félagsmálanefnd - 43. fundur 23/8'05 í 4 liðum.

3.2 Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga - 723 fundur 17/3'05, í 13 liðum, 724. fundur í 13

liðum, 29/4'05, 725. fundur 10/6'05 í 20 liðum og 726. fundur 1/7'05 í 16 liðum.

3.3 Heilbrigðisnefnd Suðurlands - 78. fundur 23/8'05 í 5 liðum.

3.4 Stjórn Skólaskrifstofu Suðurlands - 81. fundur 24/8'05 í 6 liðum.

#### **4. Umsókn um vistun leikskólanema utan lögheimilissveitarfélags:**

Lögð fram umsókn frá Skóladeild Akureyrar um tímabundna leikskóladvöl fyrir einn nemanda í Leikskólanum Heklukoti.

Námsvist umrædds nemenda samþykkt samhljóða að því tilskyldu að Akureyrarbær greiði raunkostnað af leikskólavistuninni sem er umfram greiðslur skólagjalda svk. gjaldskrá frá forráðamönnum.

#### **5. Málflutningsskrifstofan ehf. - álitsgjöf:**

Lagt fram bréf frá Málflutningsskrifstofunni ehf, dagsett 29/8'05, varðandi flokkun Þrúðvangs á Hellu í þjóvegakerfi Vegagerðarinnar. Fram kemur það álit að 8. gr. vegalaga nr. 45/1994, útiloki að unnt sé að skilgreina götuna Þrúðvang sem tengiveg í skilningi laganna.

Lögð fram drög að stjórnsýslukæru vegna ákvörðunar Vegagerðar ríkisins um að hafna beiðni Rangárþings ytra um að gatan Þrúðvangur á Hellu verði flokkaður sem hluti af þjóðvegakerfinu í skilningi vegalaga nr. 45/1994.

Samþykkt samhljóða.

#### **6. Sala hlutafjáreignar:**

6.1 Lagt fram tilboð Slátturfélags Suðurlands svf., dagsett 24/8'05, í hlutafé Rangárþings ytra í Slátturhúsinu Hellu hf.

6.2 Lagt fram bréf frá Stjórn Slátturhússins Hellu hf., dagsett 24/8'05, þar sem óskað er eftir að fá keypt hlutafé Rangárþings ytra í Slátturhúsinu á Hellu hf. eða að sölu á hlutafénu verði frestað.

Ingvar Pétur Guðbjörnsson víkur sæti við umfjöllun og afgreiðslu þessa liðar vegna vanhæfis. Þórhallur J. Svavarsson tekur sæti sem varamaður Ingvars P. Guðbjörnssonar.

Lagt er til að um óákveðinn tíma verði frestað að selja hlutafjáreign Rangárþings ytra í Slátturhúsinu Hellu hf., sem er að nafnverði kr. 5.000.000, samkvæmt ósk stjórnar félagsins.

Samþykkt samhljóða.

Þórhallur víkur af fundi og Ingvar Pétur tekur sæti sitt að nýju.

#### **7. Anders Hansen og Valgerður Kr. Brynjólfssdóttir:**

Lagt fram bréf frá Anders Hansen og Valgerði Kr. Brynjólfssdóttur, dagsett 15/7'05, þar sem óskað er eftir styrk til að ljúka við byggingu Hekluseturs á Leirubakka.

Lagt er til að atvinnu- og ferðamálanefnd verði falið að ræða við umsækjendur og leggja síðan fram tillögu um afgreiðslu umsóknarinnar til hreppsnefndar.

Samþykkt samhljóða.



#### **8. Ákvörðun um hvort áfrýja eigi úrskurðum Óbyggðaneftdar.**

Lögð fram tillga, byggð á ráðgjöf Málflutningsskrifstofunnar ehf, um að ekki verið áfrýjað úrskurðum Óbyggðanefndar um Þjóldlendir í Rangárþingi ytra og í sameign með Ásahreppi.

Samþykkt með 8 atkvæðum, 1 á móti (HH).

#### **9. Fundarboð, námskeið, ráðstefnur, þjónusta og umsóknir um styrki:**

## 9.1 Geðvernd 25/8'05 - umsókn um styrk.

Hreppsnefnd sér sér ekki fært að verða við umókninni.

#### **10. Annað efni til kynningar:**

#### 10.1 Lagðir fram undirskriftalistar vegna Töðugjaldar.

Fyrirsögn undirskriftarlistanna sem voru afhentir á skrifstofu Rangárþings ytra þ. 4. ágúst 2005:

"Við undirrituð lýsum yfir undrun okkar og óánægju með dagskrár- og fyrirkomulagsbreytingu Töðugjalda í Rangárþingi ytra í ár (2005). Viljum við með undirskriftarsöfnun þessari hvetja hreppsnefnd og aðstandendur til að "draga ekki í land" og viðhalda þeirri góðu skemmtun sem Töðugjöldin hafa reynst okkur íbúum og ferðamönnum á svæðinu."

Með fylgir undirritun u.b.b. 280 einstaklinga.

## Til kynningar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 20:00.

Sigrún Sveinbjarnardóttir, ritari.

Sigurður Þórhallsson  
Hins fyrstu manns  
Fræðslur Sigmundsson  
Víðar Þórðarson  
Guðrún Þórhallaðod  
Ingvor L. Guðbjörnsson  
Ólafur Þórðarson  
Sigurður Þórhallaði  
Ingvor Þórhallaði

# Hreppsnefnd Rangárþings ytra

## Fundargerð

**53. fundur** hreppsnefndar Rangárþings ytra kjörtímabilið 2002 - 2006, haldinn að Laugalandi í Holtum, miðvíkudaginn 6. júlí 2005, kl. 16:00.

Mætt: Sigurbjartur Pálsson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Sigrún Ólafsdóttir, varamaður Valtýs Valtýssonar, Viðar H. Steinarsson, Þróstur Sigurðsson, Heimir Hafsteinsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Þórunn Ragnarsdóttir, varamaður Lúðvíks Bergmann, Þórhallur Svavarsson, varamaður Engilberts Olgeirssonar og Sigrún Sveinbjarnardóttir, sem ritar fundargerð.

Lögð fram tillaga að breytingu á dagskrá; Við bætist nýr 11. liður og færast aðrir liðir aftur sem því nemur.

Samþykkt samhljóða.

### 1. Fundargerðir hreppsráðs:

1.1 Lögð fram fundargerð 70. fundar hreppsráðs 23/6 2005 í 18 liðum.

Samþykkt með 8 atkvæðum.

### 2. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til staðfestingar:

2.1 Stjórn Eignaumsjónar Rangárþings ytra og Ásahrepps - 18. fundur 20/6 2005 í 9 liðum.

- Fjárfestingaáætlun Eignasjóðs 2005.
- Greinagerð Eignasjóðs vegna tillögu um flutning leikskólans á Laugalandi í parhúsaíbúð í Giljatanga.

Fundargerðin samþykkt með 6 atkvæðum, 3 sitja hjá (HH, VS, ÞR).

Bókun vegna fundargerðar 18. fundar stjórnar Eignaumsjónar Rangárþings ytra og Ásahrepps dags. 20. júní 2005.

*Það vekur athygli að ekki skuli þurfa að funda í þessari svonefndu stjórn örar en raun ber vitni. Það er fundur í janúar og síðan 20. júní sl. Það er vissulega ástæða til að velta upp hlutverki þessa apparats í ljósi breytrra forsenda í skipuriti Rangárþings ytra.*

*Jafnframt vekur nokkra athygli að á þessum tímapunkti skuli ekki vera lögð fram áætlun um verkefni sumarsins og kynnt formlega fyrir stjórn eignaumsjónar og sveitarstjórn Rangárþings ytra.*

*Undirritaðir : Heimir Hafsteinsson, Þróstur Sigurðsson, Viðar Steinarsson.*

### 3. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til kynningar:

3.1 Stjórn Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. - 95. fundur 29/6 2005 í 6 liðum.

3.2 Stjórn Félagsþjónustu Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu - 11. fundur 24/6 2005 í 4 liðum.  
- Ársreikningur 2004 fyrir Félagsþjónustu Rangárvalla- og V-Skaftafellsýslu bs.

3.3 Fræðslunefnd Rangárþings ytra og Ásahrepps - 42. fundur 29/6 2005 í 7 liðum.

### 4. Tillögur um heimild til ráðningar sviðsstjóra Stjórnsýslusviðs, minniháttar breytingu á skipuriti skrifstofu og um stofnun stöðu skjalavarðar:

Lagðar fram tillögur um heimild til ráðningar á sviðsstjóra stjórnsýslusviðs, breytingu á starfslýsingu sviðsstjóra stjórnsýslusviðs, minniháttar breytingu á skipuriti skrifstofu og um nýja stöðu skjalavarðar ásamt skýringum við hvern lið.

Samþykkt með 5 atkvæðum, 3 á móti (HH, VS, ÞS) og 1 situr hjá (ÞR).

Bókun vegna svokallaðrar Sviðsstjórárastöðu stjórnsýslusviðs Rangárþings ytra.

Tillaga meirihluta Rangárþings ytra, varðandi skrifstofuhaldið, er að þar verði gerð virk ný staða sem heitir Sviðsstjóri stjórnsýslusviðs. Sviðsstjóri sem samkvæmt fyrirliggjandi starfslysingu er staðgengill sveitarstjóra, tekur yfir stjórnun skrifstofuhaldsins og mörg af þeim verkefnum sem sveitarstjóri á að sinna samkvæmt starfslysingu. Hér er sem sagt verið að búa til "feitt" pólitískt embætti og liklegra en ekki verið að sniða það að þófum ákveðinna einstaklinga en ekki verið huga að hagsmunum sveitarfélagsins og ibúa þess.

Samkvæmt fjárhagsáætlun þá er gert ráð fyrir að starf þetta kosti 6-7 milljónir króna á ársgrundvelli og jafnvel má gera ráð fyrir meiru ef tekið er mið af aksturskjörum núverandi yfirstjórnenda.

Undirritaðir fulltrúar minnihlutans mótmæla kröftuglega þeirri gríðarlegu kostnaðar aukningu sem hér er verið að boða í skrifstofuhaldi sveitarfélagsins. Hér er verið að bæta við stóru stöðugildi við þær 5 stöður sem nú þegar eru á skrifstofunni. Þetta er ósættanlegt miðað við það sem gengur og gerist í sambærilegum sveitarfélögum. Í ljósi þess skipulags sem virðist ganga hjá ýmsum öðrum sveitarfélögum, þá liggur það i augum uppi að menn þurfa að stokka upp spilin hvað varðar skrifstofuhald i okkar ágæta sveitarfélagi. Það kann vel að vera að það vanti ákveðna þekkingu inn í starfsemi skrifstofunnar og auðvitað að bregðast við því en sú ráðstöfun að bæta við einum titlinum enn er ekki ásættanleg lausn miðað við fjárhagss töðu sveitarfélagsins.

Við hljótum að kalla eftir skipulagsbreyingum og að farið verði yfir stjórnun og starfsemi skrifstofunnar og jafnframt að það verði upplýst hvað sveitarstjóri Rangárþings ytra er að gera á þeim u.p.b. 340 klst. sem hann, að eigin sögn, eyðir í vinnunni á mánuði, sem þó væntanlega eru utan við þá tíma sem hann eyðir í bílnum á kostnað Rangárþings ytra.

Ef meirihluti sveitarstjórnar Rangárþings ytra ákveður hins vegar að gera þennan pólitísku bitling virkan, krefjumst við þess með visan í starfslysingu sviðsstjóra að nú þegar fari fram endurskoðun á starfskjörum og ábyrgð sveitarstjóra og verði þau hér eftir í samræmi við minni ábyrgð og viðveru.

Undirritaðir vísa að öðru leyti á bókun frá 28. fundi sveitarstjórnar þann 3. mars 2004, þar sem fjallað er um skipurit og starfslysingu skrifstofu Rangárþings ytra.

Undirritaðir: Heimir Hafsteinsson, Viðar Steinarsson, Pröstur Sigurðsson.

Bókun fulltrúa D-lista í tilefni af bókun fulltrúa K- og Ó-lista vegna samþykktar um ráðningu sviðsstjóra stjórnsýslusviðs og stofnunar stöðugildis skjalavarðar, lögð fram á fundi hreppsnefndar Rangárþings ytra þ. 6. júlí 2005:

Fullyrðingu um að verið sé að stofna pólitískt embætti er vísað á bug. Viða eru sambærileg embætti sem meðal annars heita framkvæmdastjóri stjórnsýslusviðs eða bæjarritari. Í öllum tilfellum er gengið út frá því að slík embætti starfi fullkomlega ópólitískt og hlutlægt að verkefnum innan stjórnsýslunnar á skrifstofum sveitarfélaga. Ekkert samhengi er í því, að viðkomandi embætti leysi sveitar- og bæjarstjóra af i forföllum og að þau verði þar með pólitisk. Um þetta er vísað til áratuga framkvæmdar í slíkum tilfellum í fjölda sveitarfélaga um allt land. Slegið er fram að embættið sé fyrirfram ætlað einhverjum ákveðnum einstaklingi. Slíku er ekki til að dreifa og er þessari aðdrótutn vísað til föðurhúsanna.

Varla er ástæða til þess að elta ólar við kröfur um rannsóknir á störfum sveitarstjóra. Öllum sem vilja er það ljóst, að þau eru ærin.

Samkvæmt fyrirliggjandi tillögu er gert ráð fyrir að sviðsstjóri stjórnsýslusviðs taki að hluta yfir verkefni sem núverandi aðalbókari hefur haft með höndum, störf sem ritari hreppsnefndar hefur sinnt, að sinna verkefnum á sviði áætlanagerðar og bókhalds sem keypt eru að nú. Vegna verkþáttu sem nú eru keyptir að, er gert ráð fyrir að á móti kostnaði við þetta nýja embætti, sparist aðkeypt vinna, a.m.k að hluta.

Staða skjalavarðar er knýjandi lausn á verkefni sem biður varðandi vistun og frágang skjala fyrri sveitarfélaga og Rangárþings ytra. Það er talið fullt verkefni fyrir einn starfsmann í 2 – 3 ár að vinna upp skjalasafnið sem fyrir er og að koma á skjalavistun samkvæmt núgildandi kröfum þar um.

Það er talið fullvist að þessi breyting á samsetningu starfa á skrifstofu sveitarfélagsins, verði til þess að efla stjórnsýslu þess og gera hana skilvirkari.

Sigurbjartur Pálsson. Ingvar Pétur Guðbjörnsson. Guðmundur Ingi Gunnlaugsson. Sigrún Ólafsdóttir. Þórhallur J. Svavarsson.

## 5. Ráðning aðstoðarskólastjóra Grunnskólans á Hellu:

Lagt fram bréf frá skólastjóra Grunnskólans á Hellu, dagsett 30/6 2005, með tillögu um ráðningu Róberts G. Gunnarssonar í stöðu aðstoðarskólastjóra við Grunnskólann á Hellu. Meðfylgjandi eru umsóknir er bárust um stöðuna.

Tillaga og greinargerð vegna ráðningar aðstoðarskólastjóra við Grunnskólann á Hellu.

Tillaga:

Við undirritaðir leggjum til, á grundvelli skorblaðs skólastjóra og þess viðbótarrökstuðnings sem hér að neðan greinir, að Steinar Tómasson verði ráðinn aðstoðarskólastjóri við Grunnskólann á Hellu.

*Greinargerð:*

*Undirritaðir telja, að í annars ágætu skorblaði skólastjóra, vanti eitt mikilvægt atriði sem við viljum halda til haga. Þar er um að ræða númerandi búsetu umsækjenda. Við teljum að þegar tekið sé tillit til þessa mikilvæga hlutar þá standi Steinar Tómasson efstur í skori. Steinar hefur það fram yfir aðra vel hafa umsækjendur að hann er búsettur í okkar sveitarfélagi og á hér eigið húsnæði en stendur, að okkar mati, að öðru leiti jafnfætis eða framar öðrum umsækjendum.*

*Að auki telst honum til tekna, í okkar huga, að vera starfandi við stofnunina og vel metinn sem slikur.*

*Undirritaðir: Heimir Hafsteinsson og Viðar Steinarsson.*

Tillagan felld. 2 með, 2 sitja hjá og 5 á móti.

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Sigurbjartur Pálsson, Sigrún Ólafsdóttir, Þórhallur J. Svavarsson og Ingvar Pétur Guðbjörnsson gera eftirfarandi grein fyrir atkvæði sínu:  
Með samþykkt á tillögu skólastjóra er farið að faglegu mati hans á umsækjendum, þar sem tekið er á þáttum eins og stjórnunarnámi og stjórnunarreynslu umsækjenda auk annarra atriða. Ekki á nokkurn hátt vanmetin hæfni annarra umsækjenda sem hafa margt eftirsóknarvert fram að færa.

Tillaga skólastjóra Grunnskólans á Hellu um ráðningu Róborts G. Gunnarssonar sem aðstoðarskólastjóra samþykkt. 5 með og 4 sitja hjá (HH, VS, PS, PR).

#### **6. Umsókn um afnot af húsnæði í Þykkvabæ fyrir listsýningar:**

Lögð fram umsókn Brynju Rúnarsdóttur, dagsett 23/6 2005, um afnot af húsnæði fyrrum Þykkvabæjarskóla fyrir listsýningar.

Lögð fram tillaga um taka jákvætt í erindið og að að veittur verði styrkur sem nemi húsaleigu fyrir húsnæðið.

Haft verði samráð við Eignaumsjón og menningarmálanefnd um framkvæmdina.

Samþykkt samhljóða.

#### **7. Jóhanna H. Oddsdóttir - umsókn um kaup á lóðum í Merkihvolslandi:**

Lagt fram bréf frá Jóhönnu H. Oddsdóttur, dagsett 27/6 2005, þar sem hún óskar eftir að fá keyptar lóðirnar nr. 20, 22 og 24 í landi Merkihvols auk aðliggjandi landspildna.

Lögð fram tillaga um að vísa erindinu til Eignaumsjónar til athugunar og tillöguggerðar.

Samþykkt samhljóða.

#### **8. Sýslumaðurinn á Hvolsvelli :**

Lagt fram bréf fá sýslumanninum á Hvolsvelli, dagsett 23/6 2005, með beiðni um umsögn sveitarstjórnar vegna umsóknar um leyfi til rekstrar gistiskála að Lönguhlíð í Galtalækjarskógi.

Hreppsnefnd gerir ekki athugasemd við að leyfi verði veitt samkvæmt efni umsóknarinnar.

#### **9. Rangárvalladeild Geysis og Félag hesthúsaeigenda á Hellu:**

Lagt fram bréf frá Rangárvalladeild Geysis og Félagi hesthúsacigenda á Hellu, dagsett 21/6 2005, með umsókn um styrk vegna girðinga meðfram reiðvegi og lagfæringu á girðingu á mörkum milli eignarlands sveitarfélagsins og Gilsbakka.

Lagt er til að veittur verði styrkur að upphæð kr. 425.000 vegna girðinga meðfram fyrirhuguðum reiðvegi við flugvöllinn á Hellu. Sveitarstjórn mælist til við Rangárvalladeild

Geysis að girðing á mörkum eignarlands sveitarfélagsins og Gilsbakka verði lagfærð af félagsmönnum.

Kostnaði er vísað til endurskoðunar á fjárhagsáætlun og gert er ráð fyrir að aðrir styrkir sem gert er ráð fyrir í fjárhagsáætlun ársins lækki samsvarandi.

Samþykkt samhljóða.

#### **10. Fyrirspurnir frá fulltrúum K- og Ó-lista og svör sem borist hafa:**

Lagt fram bréf frá fulltrúum K- og Ó-lista, mótttekið 30/6 2005, með eftifarandi fyrirspurnum og ósk um skrifleg svör á fundi hreppsnefndar þ. 6. júlí 2005:

- 1) Um undirbúning nýrra vatnstökusvæða.
- 2) Um ráðstafanir vegna vatnsskorts í Þykkvabæ.
- 3) Um stöðu í viðræðum við Orkuveitu Reykjavíkur um sölu á vatnsveitum sveitarfélagsins.
- 4) Um kynningu á skýrslu atvinnu- og ferðamálafulltrúa.
- 5) Um stöðu í stefnumótunarvinnu fyrir Rangárþing og Mýrdal á vegum atvinnu- og ferðamálaverkefnisins.
  - Um ársuppgjör Töðugjalda fyrir árið 2004.
  - Um frágang ólokinna mála við landeigendur á Laugalandssvæðinu eftir sölu Hitaveitu Rangæinga til Orkuveitu Reykjavíkur.
- 6) Um stöðu varðandi frágang, stjórnarfund og lokauppgjör eftir sölu á Fiskeldisstöðinni í Fellsmúla.

Ábendingar um störf vinnuhópa fylgja með fyrirspurnunum.

**Svör við fyrirspurnum fulltrúa K- og Ó-lista frá 30. júní 2005, lögð fram á fundi hreppsnefndar Rangárþings ytra þ. 6. júlí 2005:**

1. ***Spurt er um undirbúningsvinnu vegna virkjunar nýrra vatnstökustaða fyrir vatnsveitur Rangárþings ytra:***  
Línuhönnun hf. hefur gert forhönnun vegna virkjunar nýrra vatnstökustaða í Holtum, Landsveit og á Rangárvöllum. Næsta skref er hönnun á fyrirkomulagi virkjana auk lagnaleiða. Málið er í biðstöðu á meðan viðræður standa yfir við Orkuveitu Reykjavíkur um hugsanleg kaup hennar á vatnsveitum sveitarfélagsins.

- 2. Spurt er um ráðstafanir vegna vatnsskorts í Þykkvabæ:***

Vatnsskortur hefur verið í Þykkvabæ í áratugi samkvæmt frásögn íbúa þar. Gripið hefur verið til margvíslegra ráðstafana undansfarin þrjú ár til þess að bæta afhendingaröryggi neysluvatns á svæði vatnsveitu Þykkvabæjar. Síðastliðinn vetur var lögð ný lögn undir Ytri-Rangá, en fyrrí lögn var orðin tæp. Leitað hefur verið að lekt í lagnakerfinu og hafa lekar fundist sem gert hefur verið við. Vatnsgeymir í Jarðhúsum var lagfærður. Farið hefur verið rækilega yfir dreifikerfið, dælur og annan búnað. Þetta dugir þó ekki, enda vatnshörfin talsvert meiri en kerfið ræður við, eins og áður var komið fram og vitað hefur verið um í mörg ár. Tvær verksmiðjur eru nú starfandi í Þykkvabæ sem framleiða neysluvarning úr kartöflum og langflestir hændur, ef ekki allir, þvo kartöflur heima fyrir afhendingu á markað, sem enn hefur bætt við vatnshörfina sem áður var. Verkfræðistofan Hnit hf. hefur gert frumúttekt á vatnsveitunni og sett fram hugmyndir um úrbætur. Ljóst er að það er forgangsverkefni, ásamt nýrri vatnsöflun og þrýstiskerpistöðvum á veitusvæði Holtaveitunnar, að auka vatnsmagnið sem til afhendingar er hjá vatnsveitu Þykkvabæjar.

Eins og kunnugt er og áður er komið fram, standa yfir viðræður við OR um hugsanleg kaup á vatnsveitum. Þessi brýnu mál Holtaveitunnar og vatnsveitu Þykkvabæjar hafa verið í biðstöðu á meðan. Rætt hefur verið um að sameina allar vatnsveitir sveitarfélagsins (og Ásahrepps) í eitt byggðasamlag um vatnsveitir og að það fari í þessar aðgerðir verði ekki af sölu veitnanna. Þetta er þó enn aðeins á hugmyndastigi.

D-listi í hreppsnefnd Rangárþings ytra mun leggja fram tillögur á þessu sviði eftir að niðurstaða verður ljós í viðræðum við Orkuveitu Reykjavíkur.

- 3. Spurt er um hver staðan er í viðræðum við Orkuveitu Reykjavíkur um hugsanlega sölu vatnsveitna á svæðinu:***

Einn fundur hefur verið haldinn með fulltrúum Orkuveitu Reykjavíkur um hugsanlega sölu á vatnsveitunum til þeirra. OR hefur síðan fengið öll tiltæk gógn um veiturnar og stöðu þeirra. Vinna hefur staðið yfir hjá OR við að meta vatnsveiturnar, bæði til fjárag og tæknilega. Peirri vinnu er ekki lokið eftir því sem best er vitað.

Fulltrúar OR tjáðu fulltrúum sveitarfélaganna að þessi vinna myndi taka nokkrar vikur og að þeir myndu gera aðvart um leið og niðurstaða þeirra lægi fyrir.

4. *Spurt er um kynningu á starfsskýrsu atvinnu- og ferðamálafulltrúa, um stefnumótunarvinnu á vegum atvinnu- og ferðamálaverkefnisins og um ársuppgjör Töðugjalda 2004:*  
Vísað er til svara frá Eymundi Gunnarssyni, atvinnu- og ferðamálafulltrúa sem fylgdu með fundargögnum 53. hreppsnefundarfundar 6. júlí 2005.
5. *Spurt er um frágang ólokinna mála við landeigendur á Laugalandssvæðinu eftir sölu Hitaveitu Rangáinga til Orkuveitu Reykjavíkur:*  
Vísað er til fyrirspurnar sem send var til Ágústar Inga Ólafssonar 2. júlí 2005 sem er meðfylgjandi ásamt svari Ágústar Inga dags. 4. júlí 2005.
6. *Spurt er um hvenær til standi að halda stjórnarfund um ársreikning fyrir árið 2004 og um lokauppgjör eftir sölu á eignum Fiskeldisstöðvarinnar í Fellsmúla ehf. og hvenær það verði sent til sveitarstjórnanna til staðfestingar:*  
Vísað er til upplýsinga frá Hrólfi Ölvissyni sem fylgja með þessu svari.

#### *Vegna ábendinga um starf vinnuhópa:*

Reynt verður að stilla svo til að niðurstöður vinnuhópa verði lagðar fyrir hreppsnefnd á hausti komanda eða um leið og þær liggja fyrir. Eftirfarandi er vitað um stöðu einstakra mála:

Vinnuhópur um stjórnsýsluhús og húsnæði fyrrum Þykkvabæjarskóla gerir ráð fyrir að leggja fram tillögur að áliðnu sumri.

Í vinnuhópi um hesthúsahverfi og málefni hestamanna var kominn vísir að niðurstöðu um að gert yrði nýtt deiliskipulag fyrir hesthúsahverfi austan Gaddstaðaflata. Ekki var komin niðurstaða varðandi hver framtíð númerandi hesthúsahverfis á Hellu verði. Leitað verður eftir því að hópurinn ljúki starfi sín og sendi hreppsnefndinni tillögur sínar um framangreind málefni.

Vinnuhópur um húsnæðismálefni grunn- og leikskóla á Hellu hefur skoðað hugmyndir um nýtingu „skólareits“ frá Reyni Vilhjálmssyni, landslagsarkitekt. Ekki liggja ennþá fyrir mótaðar tillögur frá hópnum.

Vinnuhópur um launamál hefur ritað Launaneftnd sveitarfélaga bréf dagsett 18. maí sl. og farið fram á skoðun og lagferingu á starfsmati nokkurra tilgreindra starfsheita hjá sveitarfélagini. Ekki hefur borist svar ennþá. Vinnuhópurinn þarf að koma saman sem fyrst og ákveða næstu skref hvort sem svar berst frá LN eða ekki. Afrit af bréfi vinnuhópsins til LN fylgir með þessu svari.

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson,  
sveitarstjóri.

#### **11. Fyrirspurn frá Heimi Hafsteinssyni um stöðu framkvæmda og kostnaðar við sparkvelli á Hellu, Laugalandi og í Þykkvabæ:**

- 1) Um hvort kostnaðaráætlanir vegna sparkvalla á Hellu og að Laugalandi hafi gengið eftir.
- 2) Um hvað líði framkvæmdum í Þykkvabæ, hvort þær séu fullhannaðar og hvað eigi að gera og hvenær.

Svar við fyrirspurn um sparkvelli frá Heimi Hafsteinssyni dagsett 2. júlí 2005, lögð fram á fundi hreppsnefundar Rangárþings ytra þ. 6. júlí 2005:

1. *Spurt er um hvort kostnaðaráætlanir varðandi sparkvellina á Hellu og að Laugalandi hafi gengið eftir, þ.e. þeir liðir sem lokið er.*  
Vísað er til svarts frá starfsmanni Eignaumsjónar vegna sparkvallar að Laugalandi. Að því er virðist mun kostnaðaráætlun Foreldrafélags Laugalandsskóla eiga að standast. Kostnaðaráætlun foreldrafélagsins var um upphæð framлага sem óskað var eftir frá Rangárþingi ytra og Ásahreppi til verkefnisins, en endurspeglæði e.t.v. ekki heildarkostnað við verkefnið.

Kostnaður vegna þeirra þáttta sem lokið er við á Hellu er ekki allur kominn fram. Reikningar eru enn að berast og sömuleiðis er ekki farið að bóka nema hluta af því sem þegar er komið. Því er ekki á þessu stigi unnt að fjalla af nægilegu öryggi um þann kostnað sem þegar hefur lagst til. Sviðsstjóri Umhverfissviðs hefur haldið utan um framkvæmdina á Hellu og fengið til liðs við sig verktaka sem hafa gefið afslætti af sinni

vinnu. Þátttaka almennings í verkefninu hefur aftur á móti verið frekar lítil. Vegna beggja vallanna var leitað tilboða frá efnissölum og náðust góðir samningar að sögn sviðsstjórans, m.a. um timbur í grindverk fyrir báða sparkvellina frá Húsasmiðjunni hf. Nákvæmlega útfærð kostnaðaráætlun um framkvæmdina við sparkvöllinn á Hellu, eins og hún er nú lögð upp, var ekki lögð fram, en miðað er við að kostnaður fari ekki yfir 6 milljón krónur. Upphafleg kostnaðaráætlun frá Hnit hf. var yfir 10 milljón krónur.

2. *Spurt er um hvað liði framkvæmdum við sparkvöll i Þykkvabæ og hvort þær séu fullhannaðar, hvað standi til að gera og hvenær eigi að byrja.*

Sviðsstjóri Umhverfissviðs hefur fengið það verkefni að leggja drög að þessari framkvæmd og í grófum dráttum er reiknað með að völlurinn verði vestan við íþróttahúsið með legu þvert á mænisstefnu þess. Stærð vallarins er áætluð 50 x 70 metrar. Að sögn sviðsstjórans er gert ráð fyrir því að þókulagt verði í ágústmánuði.

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson,  
sveitarstjóri.

**12. Vegagerðin - tilkynning um úthlutun styrkvegafjár 2005:**

Lagt fram bréf frá Vegagerðinni, dagsett 28/6'05, sem upplýsir að styrkur til Rangárþings ytra til styrkvega í sveitarfélagingu fyrir árið 2005 sé kr. 5.000.000.

Styrkúthlutuninni er vísað til samgöngunefndar til úrvinnslu í samráði við Vegagerðina. Meðal annars er gert ráð fyrir að unnin verði áætlun um flutning og niðursetningu brúar frá Djúpá að Eystri-Rangá við Reynifell.

Samþykkt samhljóða.

**13. SASS - um stofnun "Sérdeildar Suðurlands":**

Lagt fram bréf frá SASS, dagsett 16/6'05, varðandi stofnun "Sérdeildar Suðurlands". Til stendur að rekin verði sérdeild í húsnæði fyrrum Gaulverjabæjarskóla fyrir nemendur með sérstaka erfiðleika í námi og/eða hegðunarröskun frá haustinu 2005. Aðilar að rekstrinum verða sveitarfélög á Suðurlandi og ríkið. Gert er ráð fyrir að endanlegar áætlanir verði gerðar þegar þátttaka ríkisins skýrist.

Til kynningar.

**14. Tillögur að erindisbrésum nefnda:**

14.1 Fræðslunefnd Rangárþings ytra og Ásahrepps.

Lögð fram umsögn hreppsnefndar Ásahrepps, dagsett 25/4'05.

Lögð fram umsögn fræðslunefndar Rangárþings ytra og Ásahrepps, dagett 24/5'05.

Samþykkt með 7 atkvæðum, 2 sitja hjá (HH, PR).

14.2 Íþróta- og æskulýðsnefnd.

Umsögn íþróta- og æskulýðsnefndar var gerð í fundargerð 27. fundar nefndarinnar 22/6'05.

Samþykkt með 8 atkvæðum, 1 situr hjá (PR).

**15. Forvarnarhópur Rangæinga - beiðni um skipan fulltrúa:**

Lagt fram bréf frá Forvarnarhópi Rangæinga, dagsett 28/6'05, þr sem óskað er eftir skipan fulltrúa í forvarnarhóp sem starfa mun innan Rangárvallasýslu. Einnig er lögð fram kynning á greiningarniðurstöðu undirbúningshóps að forvarnastarfí í Rangárvallasýslu.

Lögð fram tillaga um að Ingvar Pétur Guðbjörnsson verði aðalmaður og Heiðrún Ólafsdóttir verði varamaður í forvarnarhópi Rangæinga.

Samþykkt samhljóða.

**16. Umboð hreppsráðs til þess að ljúka afgreiðslu mála í summarhléi hreppsnefndar:**  
Lagt er til að næsti reglulegi fundur hreppsnefndar verði í lok ágúst eða byrjun september.

Lagt er til að hreppsráði verði falið að ljúka afgreiðslu mála í summarhléi hreppsnefndar sbr. ákvæði 48. gr. samþykkta um stjórn og fundarskóp Rangárþings ytra.

Samþykkt samhljóða.

**17. Fundarboð, námskeið, ráðstefnur, þjónusta og umsóknir um styrki:**  
17.1 Blíndrafélagið - umsókn um styrk.

Lögð fram tillaga um styrk kr. 10.000.

Samþykkt samhljóða.

17.2 Unglingalandsmót UMFÍ 28/6 2005 - umsókn um styrk

Lögð fram tillaga um styrk kr. 10.000.

Samþykkt samhljóða.

17.3 Blátt áfram 27/6 2005 - umsókn um styrk.

Lögð fram tillaga um styrk kr. 10.000.

Samþykkt samhljóða.

**18. Annað efni til kynningar:**

- 18.1 Félagsmálaráðuneytið 21/6'05 - um uppgjör á framlagi vegna jöfnunar á tekjutapi vegna lækkunar tekna af fasteignaskatti 2005.
- 18.2 Hreppsnefnd Ásaþrepps 23/6'05 - um Landbóta- og landnýtingaráætlun vegna Holtamannafréttar.
- 18.3 Hreppsnefnd Ásaþrepps 23/6'05 - um breytingar á gjaldskrá leikskóla.
- 18.4 Hreppsnefnd Ásaþrepps 23/6'05 um hallarekstur Lundar, hjúkrunar- og dvalarheimilis.
- 18.5 Jafnréttisstofa 19/6'05 - um jafnréttismál og fleira.
- 18.6 Umhverfisstofnun 29/6'05 - um náttúruspjöll vegna utanvegaaksturs og bækling um það efni.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 20.00

Sigrún Sveinbjarnardóttir, ritari.